
	I EES-STOFNANIR	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
2017/EES/52/01	Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 061/16/COL frá 16. mars 2016 um að ljúka formlegri rannsókn á meintri ríkisaðstoð með leigu á ljósleiðara sem áður var rekinn af hálfu NATO	1
	3. EFTA-dómstóllinn	
	III ESB-STOFNANIR	
	1. Framkvæmdastjórnin	
2017/EES/52/02	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8554 – CIC/Logicor Business) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	22
2017/EES/52/03	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8561 – KKR/Q Park) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	23
2017/EES/52/04	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8593 – CVC/PAI/Cortefiel) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	24
2017/EES/52/05	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8596 – Colindale/Goldman Sachs/JRE) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	25
2017/EES/52/06	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7873 – Worldline/Equens/Paysquare)	26
2017/EES/52/07	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8359 – Amundi/Crédit Agricole/Pioneer Investments)	26
2017/EES/52/08	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8483 – Bain Capital Investors/Cinven Capital Management/Stada Arzneimittel)	27

2017/EES/52/09	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8512 – A.P. Moller Maersk/Danske Bank/Gatetu)	27
2017/EES/52/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8530 – Brookfield/Engie/FHHGL)	28
2017/EES/52/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8556 – Carlyle/GTCR/Albany Molecular Research)	28

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2017/EES/52/01

nr. 061/16/COL

frá 16. mars 2016

um að ljúka formlegri rannsókn á meintri ríkisaðstoð með leigu á ljósleiðara sem áður var rekinn af hálfu NATO

(Ísland)

Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið neðangreinda ákvörðun,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 61. gr. og bókunar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól“), einkum 24. gr.,

með vísan til bókunar 3 við samning um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („bókun 3“), einkum 1. gr. I. hluta og 2. mgr. 7. gr. II. hluta,

eftir að hafa beint því til hagsmunaaðila að þeir legðu fram athugasemdir í samræmi við ofangreind ákvæði ⁽¹⁾, og að teknu tilliti til athugasemda sem borist hafa,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK

1. Málsmeðferð

- 1) Míla (hér á eftir nefnd „Míla“ eða „kvartandi“) lagði fram kvörtun með bréfi dagsettu 16. júlí 2010 (skjal nr. 565828) hjá Eftirlitsstofnun EFTA varðandi meinta, ólöglega ríkisaðstoð frá utanríkisráðuneyti Íslands í tengslum við leigu og rekstur á tveimur ljósleiðurum sem áður voru reknir af hálfu Atlantshafsbandalagsins („NATO“). Að lokinni rannsókn sinni samþykkti Eftirlitsstofnun EFTA hinn 21. nóvember 2012 ákvörðun 410/12/COL þar sem hún komst að þeirri niðurstöðu að leigusamningur Varnarmálastofnunar utanríkisráðuneytisins á Íslandi við Og fjarskipti hf. (nú nefnd Fjarskipti hf. en hér á nefnd „Vodafone á Íslandi“ eða „Vodafone“) ⁽²⁾ frá 1. febrúar 2010 um afnot og rekstur ljósleiðara fæli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins. ⁽³⁾
- 2) Míla höfðaði mál fyrir EFTA-dómstólnum 19. febrúar 2013 til ógildingar á ákvörðun nr. 410/12/COL. EFTA-dómstóllinn ógilti ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA með dómi sem kveðinn var upp 27. janúar 2014 í máli E-1/13. ⁽⁴⁾
- 3) Hinn 14. júlí 2014 tók Eftirlitsstofnun EFTA ákvörðun nr. 299/14/COL um að hefja formlega rannsókn í samræmi við 2. mgr. 1. gr. í I. hluta bókunar 3 og óskaði eftir því að stjórnvöld á Íslandi og hagsmunaaðilar legðu fram athugasemdir.

⁽¹⁾ Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 299/14/COL frá 16. júlí 2014 um að hefja formlega rannsókn á hugsanlegri aðstoð með leigu á ljósleiðara sem áður var rekinn af hálfu NATO, birt í Stjútíð. ESB C 366, 16.10.2014, bls. 4 og EES-viðbæti nr. 59, 16.10.2014, bls. 1.

⁽²⁾ Vodafone á Íslandi (Fjarskipti hf.) er íslenskt fjarskiptafyrirtæki sem býður fastasíma-, farsíma- og gagnaflutningsþjónustu á Íslandi. Vodafone er nú næststærsta fjarskiptafyrirtæki á Íslandi á eftir Skiptum hf. og dótturfélögum þess, Símanum og Mílu, sem fyrir voru á markaði. Félagið starfar undir vöruheiti og vörumerki Vodafone. Vodafone samstæðan á hins vegar ekki eignarhlut í félaginu heldur veitir Fjarskiptum sérleyfi til að nota vöruheitið og auglýsingastíl sem tengist því. Fjarskipti voru áður í eigu íslensku samstæðunnar Teymis. Samstæðunni Teymi var síðar skipt upp og Fjarskipti sættu endurskipulagningu á fjárhag. Í desember 2012 voru Fjarskipti skráð í Kauphöll Íslands.

⁽³⁾ Ítarlegri lýsingu á rannsókninni og forsögu málsins er að finna í ákvörðun nr. 299/14/COL um að hefja formlega rannsókn.

⁽⁴⁾ Mál E-1/13 *Míla ehf. gegn Eftirlitsstofnun EFTA*, [2014] skýrsla EFTA dómstólsins bls. 4.

- 4) Eftirlitsstofnun EFTA bærust athugasemdir frá stjórnvöldum á Íslandi (skjöl nr. 722921–722923) ásamt athugasemdum þriðju aðila frá Mílu (skjal nr. 729699), Vodafone (skjal nr. 723556) og einstaklingi (skjal nr. 729917). Athugasemdir þriðju aðila voru framsendar stjórnvöldum á Íslandi og lögðu þau fram athugasemdir við þær (skjöl nr. 744468–744471 og 753302–753303).

2. Lýsing á ráðstöfuninni

2.1 Forsaga – Útboð um leigu á tveimur ljósleiðurum sem voru reknir af hálfu NATO

- 5) Hinn 15. ágúst 2007 tóku íslensk stjórnvöld að fullu við rekstri Ratsjárstofnunar⁽⁵⁾ sem hafði til þess tíma verið rekin á vegum Bandarískra stjórnvalda. Ratsjárstofnun starfrækti áður þrjá ljósleiðara í hinum um það bil 1 850 km langa, átta þráða ljósleiðarastreng sem liggur umhverfis Ísland og og norvesturhluta þess.⁽⁶⁾ Með þessu gafst íslenskum stjórnvöldum tækifæri til að nýta einn eða fleiri þessara þriggja ljósleiðarapráða með öðrum hætti.
- 6) Stjórnvöld á Íslandi ákváðu að nota einn ljósleiðaranna fyrir íslenska loftvarnakerfið (IADS-ratsjárkerfið) og örugg fjarskipti stjórnvalda. Stjórnvöld ákváðu enn fremur að Ríkiskaup skyldu framkvæma útboð vegna notkunar og reksturs hinna tveggja ljósleiðaranna.⁽⁷⁾
- 7) Upplýsingar um einstök atriði varðandi útboðið voru settar fram í verkefnislýsingu sem Ríkiskaup sömdu.⁽⁸⁾ Samkvæmt því skjali auglýstu Ríkiskaup, fyrir hönd varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins, eftir tilboðum í notkun og rekstur tveggja ljósleiðara af þremur sem leigja átti tveimur óskyldum aðilum, með það að markmiði að gera leigusamning til tíu ára.
- 8) Samkvæmt útboðinu er ljósleiðarastrengurinn um 1 850 km að lengd, liggur heill milli þeirra 16 tengipunkta sem eru til staðar (á útboðsdegi) og liggur um símsstöðvahús og önnur fjarskiptamannvirki á leið sinni hringinn um Ísland. Símsstöðvar og önnur fjarskiptamannvirki eru aðallega í eigu og umsjón Mílu. Samkvæmt lið 2.3 í útboðinu fylgir engin aðstaða fyrir búnað leigutaka með leigutillögum. Leigutaki er ábyrgur fyrir því að verða sér úti um nauðsynlega aðstöðu fyrir búnað sinn eða aðra aðstöðu sem þarf til að nota ljósleiðarana. Leigutaki er því ábyrgur fyrir því að tryggja sér aðgang að aðstöðu og tengipunktum þar sem hann hyggst tengja búnað sinn við ljósleiðarann. Leigutaki ber kostnað sem til kann að falla þurfi hann að kaupa eða leigja aðstöðu fyrir búnað sinn, viðbótartengingar eða annað. Leigutaki er ábyrgur fyrir öllum samskiptum við eigendur aðstöðu þar eð leigusali er hvorki milliliður né veitandi nokkurrar aðstöðu og leigusali mun hvorki tryggja leigutaka aðgang að búnaði á tengistöðum né annars staðar. Leigutaka er heimilt að bæta tengipunktum við ljósleiðarann en það þarf að gera að höfðu samráði við leigusala og aðra meðeigendur að ljósleiðaranum. Leigutaki ber allan kostnað sem tengist viðbót nýrra tengipunkta. Ítarlegar kröfur eru gerðar til að tryggja það að allur aðgangur leigutakans að strengnum og nýjum tengipunktum sé vandlega undirbúinn og fari fram með faglegum hætti til þess að tryggja að engar truflanir verði á notkun annarra á strengnum.
- 9) Lágmark leigugjalds í útboðinu er tilgreint sem 19 000 000 kr. á ári fyrir hvern ljósleiðara til að tryggja að staðið sé undir kostnaði við rekstur og viðhald á ljósleiðurunum.⁽⁹⁾ Lokafrestur til að leggja inn tilboð og opna tilboð var 19. júní 2008.
- 10) Mat á tilboðum var byggt á eftirfarandi viðmiðunum:

⁽⁵⁾ Ratsjárstofnun var lögð niður 31. maí 2008 með gildistöku Varnarmálalaga nr. 34/2008. Tiltekin verkefni Ratsjárstofnunar færðust til Varnarmálastofnunar. Varnarmálastofnun var lögð niður 1. janúar 2011 með lögum nr. 98/2010 um breytingu á varnarmálalögum og aðrar ríkisstofnanir, þ.m.t. utanríkisráðuneytið, tóku yfir tiltekna þætti í starfsemi hennar.

⁽⁶⁾ Kvartandi, Míla, á hina fimm ljósleiðarana.

⁽⁷⁾ Mælt er fyrir um reglur um opinber innkaup á Íslandi í lögum nr. 84/2007. Með þeim lögum var innleidd í íslensk lög tilskipun ESB um opinber innkaup, þ.e. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga (Stjtið. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 114) sem var felld inn í XVI. viðauka EES-samningsins undir 2. lið með ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 68/2006 (Stjtið. ESB L 245, 7.9.2006, bls. 22, og EES-viðbætur nr. 44, 7.9.2006, bls. 18), tók gildi 18.4.2007.

⁽⁸⁾ Verkefni nr. 14477: Ljósleiðarar. Utanríkisráðuneytið, apríl 2008 (skjal nr. 669632).

⁽⁹⁾ Liður 1.2.4 í lýsingu verkefnis nr. 14477.

Matsliðir	Prósentustig
Örvun samkeppni	40
Leigugjald	15
Upphaf þjónustu	10
Afhending þjónustu	10
Fjöldi nettengipunkta	15
Eitt verð um allt land	10

Tafla 1: Úthlutunarviðmiðanir í útböðinu.

- 11) Fimm tilboð bárust frá fjórum sjálfstæðum fyrirtækjum sbr. samantekt í töflu 2 hér að neðan. Tvö tilboðanna voru frávikstilboð:

Heiti fyrirtækis	Leiguverð í boði	Úthlutunarviðmiðanir: heildarfjöldi stiga	
		Aðaltilboð	Frávikstilboð ⁽¹⁰⁾
Fjarski ehf.	20 000 000 kr.	92,18	
Vodafone	19 150 000 kr.	89,67	84,67
Hringiðan ehf.	24 006 900 kr.	88,60	
Gagnaveita Reykjavíkur	19 500 000 kr.		59,34

Tafla 2: Tilboð sem bárust í útböðinu.

- 12) Ríkiskaup gerðu úttekt á tilboðunum sem bárust eftir að sjálfstæða ráðgjafarfyrirtækið Mannvit hafði metið þau. Samkvæmt upplýsingum frá Ríkiskaupum og Mannviti voru öll fyrirtækin fjögur sem lögðu inn tilboð talin fullnægja kröfum um tæknilega getu til að vinna verkið, svo og almennum kröfum sem komu fram í útböðinu varðandi persónulega og fjárhagslega stöðu þátttakenda í verkefninu. Mannvit gerði hins vegar fyrirvara við tillögu Hringiðunnar. Samkvæmt þeirri tillögu átti verkefnið að vera unnið af fyrirtæki sem Hringiðan hugðist stofna. Mannvit taldi ekki unnt að meta getu þessa fyrirtækis, hvorki fjárhagslega né tæknilega, sem hafði ekki verið stofnað á þeim tíma. Samkvæmt útbóðsskilmálum var því unnt að útiloka tilboð Hringiðunnar. Mannvit líkti með hermun eftir því hvaða áhrif það hefði á niðurstöðu útbóðsins að útiloka tilboð Hringiðunnar en komst að þeirri niðurstöðu að það hefði engin áhrif þar eð tilboð Hringiðunnar var ekki meðal tveggja efstu tilboðanna og kom því hvort eð er ekki til greina.
- 13) Eins og fram kemur í töflu 1 voru þau tvö fyrirtæki sem fengu flest stig á grundvelli úthlutunarviðmiðanna Fjarski ehf. (92,18 punkta) og Vodafone (89,67 punkta). Gengið var til samninga við þessi tvö fyrirtæki. Vegna fjármálakreppunnar á Íslandi, sem skall á haustið 2008, fóru samningaviðræður ekki fram fyrr en síðla árs 2009 og þeim lauk síðan snemma árs 2010. Fjarski ehf. ákvað hins vegar að draga sig út úr verkefninu. Því var gerður samningur við Vodafone og það einungis um leigu á öðrum tveggja ljósleiðaranna.

2.2 Samningur milli Varnarmálastofnunar og Vodafone

- 14) Í samningnum milli Vodafone og Varnarmálastofnunar, sem gengið var frá 1. febrúar 2010, er kveðið á um notkun á ljósleiðara sem er hluti af 1 850 km löngum átta ljósleiðara streng sem liggur umhverfis Ísland. Árlegt leigugjald var ákveðið 19 150 000 krónur (án VSK), bundið vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún var í júní 2008. Gildistími samningsins er tíu ár.
- 15) Í samningnum kemur fram að umræddur ljósleiðari var á birgðaskrá NATO. Samkvæmt 16. gr. laga varnarmálalaga nr. 34/2008 var leigusala heimilt að gera samning um notkun slíkrar aðstöðu fyrir hönd ríkisins og NATO. Vegna alþjóðlegra skuldbindinga Íslands varð hins vegar að bæta við ákvæði sem heimilaði leigusala að yfirtaka fyrirvalaust umrædda aðstöðu á ófriðartímum. Ákvæði þessa efnis er að finna í 8. gr. samningsins.

⁽¹⁰⁾ Tillaga Gagnaveitu Reykjavíkur var flokkuð sem frávikstilboð í ljósi þess að hún fullnægði ekki kröfum um lágmarksfjölda tengipunkta og þjónustaðra sveitarfélaga. Annað af tveimur tilboðum Vodafone er einnig frávikstilboð þar eð ekki var gert ráð fyrir samkvæmt tilboðinu að eitt verð Vodafone gildi um allt landið. Aðrir liðir í tilboðum Vodafone eru eins, þar með talið það leiguverð sem greiða átti ríkinu.

- 16) Ákvæði útboðsins um að samningurinn feli ekki í sér að leigutaki fái neina aðstöðu fyrir tæki sín eru endurtekin í samningnum. Leigutaki er ábyrgur fyrir því að verða sér úti um nauðsynlega aðstöðu fyrir tæki sín eða hverja þá aðra aðstöðu sem þarf til að nota ljósleiðarana. Leigutaki er því ábyrgur fyrir því að tryggja sér aðgang að aðstöðu og tengistöðum þar sem hann hyggst tengja búnað sinn við ljósleiðarann. Leigutaki ber kostnað sem til kann að falla þurfi hann að kaupa eða leigja aðstöðu fyrir búnað sinn, viðbótartengingar eða annað. Leigutaki er ábyrgur fyrir öllum samskiptum við eigendur strengsins og aðstöðu.

3. Kvörtunin

- 17) Kvörtun Mílu varðar samninginn sem um getur hér að framan og gengið var frá milli Varnarmálastofnunar og fjarskiptafyrirtækisins Vodafone á grundvelli útboðsins 1. febrúar 2010. Kvartandi heldur fram að gerður samningur feli í sér ríkisaðstoð í formi umtalsvert lægri leigu fyrir notkun á ljósleiðara en það sem fjárfestir á markaði teldi viðunandi.

- 18) Röksemdafærsla Mílu fyrir þessu ágreiningsatriði var í grundvallaratriðum eftirfarandi: ⁽¹⁾

- Míla var eini aðilinn sem var starfandi á þessum markaði þegar útboðið fór fram og hafði því eðli málsins samkvæmt ekki getað fengið 40% af þeim punktum sem notaðir voru í úthlutunarviðmið, þ.e. punkta sem var úthlutað til örvunar samkeppni. Af þessu leiðir að aðferðin við mat á framlögðum tilboðum hafi í raun útilokað Mílu frá útboðinu eins og tekið er saman í töflu 1. Á hinn bóginn hafði Míla engan efnahagslegan hvata til þess að taka þátt í útboðinu þar eð hún hafði þegar yfir nægri flutningsgetu að ráða í eigin ljósleiðurum. Því lagði hún ekki fram neitt tilboð.
- Það leiguverð sem boðið var í útboðinu var lægra en það sem fjárfestir á markaði hefði talið viðunandi leigu. Nánar tiltekið skilaði þetta verð íslenska ríkinu sem eiganda þessara ljósleiðara hvorki viðeigandi framlegð til fastakostnaðar (þ.e. framleiðslu-, endurnýjunar- og afskriftakostnaðar af strengnum) né nægri ávöxtun eigin fjár.
- Míla mat markaðsverð leiguréttindanna vera meira en 85 milljónir króna á ári sem gerði 464,2 milljónir króna í meinta heildaraðstoð til hvors þessara tveggja fyrirtækja um sig í þau tuttugu ár sem áætlað var að ljósleiðararnir entust, miðað við leiguverðið 19,15–20 milljónir króna á ári. ⁽²⁾

- 19) Kvartandi lagði fram frekari upplýsingar varðandi staðhæfingu sína um ríkisaðstoð til Vodafone með bréfi dagsettu 19. september 2012. Kvartandi vakti einkum athygli á nýrri verðskrá fyrirtækisins Orkuþjarskipta ⁽³⁾ fyrir leigu á ljósleiðara. ⁽⁴⁾ Í verðskránni er leiga á hverjum ljósleiðara í streng með sex ljósleiðurum skilgreind á grundvelli mánaðarleigu í krónum á kílómetra í strengnum. ⁽⁵⁾ Með því að margfalda verðið með lengd strengsins, sem er samkvæmt leigunni til Vodafone um það bil 1 850 km, kemst kvartandi að þeirri niðurstöðu að leiga á ljósleiðara af þeirri lengd ætti samkvæmt verðskránni að vera 107 137 200 kr. á ári.

4. Afstaða stjórnvalda á Íslandi til kvörtunarinnar

- 20) Í svari við kvörtuninni halda stjórnvöld á Íslandi því fram að leiga á ljósleiðurum NATO sé ekki ríkisaðstoð þar sem samningurinn veiti leigutaka ekki efnahagslegan ávinning sem gangi lengra en markaðsskilyrði og að ráðstafanirnar feli hvorki í sér notkun ríkisfjármuna né raski þær samkeppni eða séu til þess fallnar að raska samkeppni.

⁽¹⁾ Ítarlegri lýsingu á kvörtuninni er að finna í ákvörðun nr. 299/14/COL.

⁽²⁾ Mat kvartanda á fjárhæð aðstoðarinnar er byggt á minnisblaði í viðauka við kvörtunina en þar er að finna útreikning Mílu á verðmæti meints styrks. Útreikningarnir eru byggðir á eigin kostnaði Mílu af rekstri ljósleiðara í sama streng.

⁽³⁾ Landsvirkjun og Landsnet (rekstraraðili rafdreifikerfis Íslands) eiga Orkuþjarskipti sameiginlega. Orkuþjarskipti annast rekstur og viðhald fjarskiptavirkis Íslands fyrir eigendur sína.

⁽⁴⁾ Samkvæmt kvartanda tók verðskráin gildi 1. ágúst 2012 eftir að Póst- og fjarskiptastofnun Íslands hafði yfirfarið hana og samþykkt í samræmi við reglur þar að lútandi. Með því að samþykkja verðskrána hefur Póst- og fjarskiptastofnun samþykkt að gjaldskráin sé byggð á kostnaðargreiningu.

⁽⁵⁾ Mánaðarleiga á kílómetra er frá 4 826 kr. fyrir ljósleiðara 1 til 7 507 kr. fyrir ljósleiðara 6.

- 21) Í þessu sambandi vísa stjórnvöld á Íslandi til minnisblaðs utanríkisráðuneytisins, dags. 7. maí 2008, um fyrirhugaða útleigu á ljósleiðurum NATO. Í minnisblaðinu er gerð almenn grein fyrir fyrirhuguðu verklagi við útboðið, þar með talið fyrirkomulag á útboðinu og viðmiðanir um val á hæfum leigutaka úr hópi bjóðenda. Markmiðin með verkefninu voru að draga úr viðhalds- og rekstrarkostnaði ljósleiðara NATO, auka breiðbandsaðgengi almennings og örva samkeppni í gagnaflutningum á innanlandsmarkaði. Stjórnvöld á Íslandi telja að í útleigu ljósleiðaranna tveggja hafi ekki falist aðstoðarráðstöfun. Þau benda ennfremur á að verkefnið myndi styrkja framkvæmd stefnu stjórnvalda varðandi rafræna fjarskiptaþjónustu og upplýsingasamfélagið. Ennig myndi það gera kleift að koma á samkeppni á markaði fyrir leigulínur á svæðum þar sem engin samkeppni var þá til staðar og það mundi síðan leiða til meiri samkeppni á fráliggjandi mörkuðum, svo sem markaði fyrir breiðbandstengingar á háhraða.
- 22) Í ljósi þeirrar staðhæfingar kvartanda að ljósleiðararnir hefðu verið í eigu íslenska ríkisins og að leiguverðið hefði átt að ná yfir fastan kostnað sem tengdist uppbyggingu strengsins, endurnýjun og afskriftum lögðu stjórnvöld á Íslandi fram nánari útskýringar um eignarhald hans og kostnað við uppbyggingu. Þau benda á að það var NATO, en ekki íslenska ríkið, sem fjármagnaði lagningu strengsins. Strengurinn var auk þess skráður í birgðaskrá þeirra samtaka og þrír af ljósleiðunum átta voru fráteknir til nota sem tengdist starfsemi Bandaríkjahers á Íslandi. Eftir brotthvarf Bandaríkjahers frá Íslandi 2006 og 2007 tók íslenska ríkið sem svokallað „gistiríki, notendaríki“ við rekstri ljósleiðaranna þriggja á grundvelli skriflegs samkomulags við NATO. Enda þótt stjórnvöld á Íslandi hafi tekið við rekstrarstjórnun ljósleiðaranna gilda þó ennþá margvísleg einkaréttarákvæði NATO um þá. Íslenska ríkið á ekki ljósleiðarana þrjá. Ljósleiðararnir þrír eru í eigu NATO svo lengi sem varnarsamningur milli Íslands og Bandaríkjanna er í gildi. NATO hefur forgangsrétt til notkunar á ljósleiðurunum. Leigutekjur af ljósleiðurunum mega einungis renna til reksturs og viðhalds eigna NATO. ⁽¹⁶⁾ Þetta þýðir nánar tiltekið að Ísland getur ekki haldið eftir tekjum sem kunna að verða umfram þennan kostnað heldur verður að yfirfæra þær til NATO.
- 23) NATO fjárfesti upphaflega í ljósleiðarastrengnum og greiddi kostnað af lagningu hans. Viðhald og rekstur ljósleiðaranna fellur undir aðildarskyldur Íslands að NATO og er ekki valfrjál. Samkvæmt stjórnvöldum á Íslandi er það ekki rétt sem kvartandi heldur fram að ríkið hafi þurft að fjárfesta 250 milljónir króna til þess að bjóða einn ljósleiðaranna til frjálsra afnota fyrir hlutskarpasta bjóðandann vegna þess að tveir ljósleiðaranna hafi verið í virkri notkun fyrir IADSRatsjárkerfið. Upphaflega hafi ætlunin verið að leigja út tvo ljósleiðara. Kostnaðurinn við að bjóða báða ljósleiðarana til notkunar í viðskiptaskyni var metinn 20–65 milljónir króna. Þar eð annar tveggja hlutskörpustu bjóðendanna dró tilboð sitt til baka þurfti einungis að losa einn ljósleiðara. Því var kostnaður til muna lægri en upphaflega var áætlað og vel undir leigugjaldi Vodafone fyrir ljósleiðarann. Minnt er á að samkvæmt lið 1.2.4 í útboðinu í apríl 2008 var áætlað að kostnaður íslenska ríkisins af rekstri og viðhaldi hvors um sig þessara tveggja ljósleiðara sem leigja átti út væri 19 000 000 kr. á ári. ⁽¹⁷⁾
- 24) Vegna árangursríks útboðs felst að áliti stjórnvalda á Íslandi engin ríkisfjármögnun í ráðstöfuninni. Þvert á móti skilar ráðstöfunin tekjum til ríkisins vegna útleigu á ljósleiðurum sem ríkið hefði annars áfram þurft að verja ríkisfjármunum til að halda við. Enn fremur benda stjórnvöld á Íslandi á að takmarkanir sem stafa af eignarhaldi NATO og forgangi NATO að notkun þeirra á stríðstímum þýði að verðið kunní að hafa verið lægra en það hefði verið ef ekki hefði verið um slíkar takmarkanir að ræða. Þessi þáttur hefði haft sömu áhrif á alla bjóðendur og markaðsverðið hefði þurft að aðlaga að þessari staðreynd. ⁽¹⁸⁾

⁽¹⁶⁾ Tölvuskeyti frá utanríkisráðuneyti til Eftirlitsstofnunar EFTA 16. nóvember 2012. Nánari lýsingu á þessu fyrirkomulagi er að finna í ákvörðun nr. 299/14/COL.

⁽¹⁷⁾ Sú viðhaldsþjónusta sem íslenska ríkið er skuldbundið til að greiða tryggir að ljósleiðarinn virki ávallt, þ.e. alla vöktun og prófanir, viðgerðir og tæknilegan stuðning. Hins vegar falla meiri háttar viðgerðir á strengnum ekki undir þessa skuldbindingu. Þegar til slíks kostnaðar stofnast má krefja NATO um greiðslu viðeigandi hluta (3/8) hans í hverju tilviki fyrir sig.

⁽¹⁸⁾ Skriflegar athugasemdir íslenskra stjórnvalda frá 2. júlí 2013 í máli E-1/13 *Míla ehf. gegn Eftirlitsstofnun EFTA*, bls. 7.

- 25) Íslensk stjórnvöld voru þeirra skoðunar að hvorki beiting úthlutunarviðmiðunarinnar um örvun samkeppni né það sem haldið er fram um að fyrirtæki með einokunarstöðu á markaðnum hafi í raun verið útilokað geti sem slíkt leitt til þeirrar niðurstöðu að ráðstöfunin raski samkeppni eða veiti fyrirtæki efnahagslegan ávinning. Samkvæmt stjórnvöldum á Íslandi hafði ríkisstjórnin fulla heimild til þess að beita margþættum úthlutunarviðmiðum. Þar að auki hefðu viðmiðin verið lögmæt og framfylgt mikilvægum markmiðum um að efla samkeppni og tryggja almenningi góða þjónustu.
- 26) Loks töldu stjórnvöld á Íslandi að færi svo að Eftirlitsstofnun EFTA teldi ráðstöfunina fela í sér ríkisaðstoð, kynni slík aðstoð að samrýmast 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, með vísan til markmiða ráðstöfunarinnar, m.a. markmiðsins að auka breiðbandsaðgengi almennings á svæðum sem njóta byggðaaðstoðar. Í þessu skyni hafa stjórnvöld á Íslandi einnig beint því til Eftirlitsstofnunar EFTA að hún meti hvort slík aðstoð feli í sér fjármögnun á þjónustu, sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, eins og vísað er til í kafla 2.2.2 í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um breiðband. ⁽¹⁹⁾

5. Ákvörðun nr. 410/12/COL og dómur EFTA-dómstólsins í máli E-1/13

- 27) Hinn 21. nóvember 2012 samþykkti Eftirlitsstofnun EFTA ákvörðun 410/12/COL þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ráðstöfunin fæli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Eftirlitsstofnunin taldi að ekki fælist ríkisaðstoð í leigu á notkun og rekstri ljósleiðarans þar eð leigusamningurinn hefði komist á með opnu útboði sem var til þess fallið að ákvarða markaðsskilmála og hefði því ekki fært Vodafone neinn efnahagslegan ávinning.
- 28) EFTA-dómstóllinn ógilti ákvörðun Eftirlitsstofnunarinnar nr. 410/12/COL hinn 27. janúar 2014. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að Eftirlitsstofnun EFTA hefði átt að hefja formlega rannsókn þar eð hún hefði haft undir höndum upplýsingar og vísbendingar sem hefðu hlutlægt séð átt að valda vafa eða verulegum vandkvæðum varðandi það hvort leigusamningurinn hefði veitt Vodafone efnahagslegan ávinning. ⁽²⁰⁾
- 29) Dómstóllinn taldi að Eftirlitsstofnun EFTA hefði átt að telja vafa leika á hvort verðið sem samið var um í kjölfar útboðsins hefði endurspeglad raunverulegt markaðsverð fyrir leigu á slíkri eign. Einkum taldi dómstóllinn að úthlutunarviðmiðin hefðu ekki endurspeglad það sem einkafjárfestir hefði talið skipta máli við útboð á leigu og að svo virtist sem Eftirlitsstofnun EFTA hefði ekki metið allar aðstæður og afleiðingar við beitingu markaðsfjárfestaprófsins. Úthlutunarviðmiðanirnar, aðrar en verð, virtust endurspegla opinbera stefnu eða lagasjónarmið, sem einkafjárfestir myndi ekki telja mikilvæg. Við útboðið var ekki notast við verð eða leigugjald sem eina eða helsta úthlutunarviðmið. Enn fremur taldi EFTA-dómstóllinn að Eftirlitsstofnun EFTA hefði ekki metið líkindi þess að NATO beitti forgangsrétti sínum til að nota ljósleiðarann eða líkur þess að NATO nýtti rétt sinn til þess að leita hnekkingar.
- 30) Meðal annars á grundvelli þess sem komið hefur fram hér að framan komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að fyrir lægju samkvæmar og hlutlægar vísbendingar um að Eftirlitsstofnun EFTA hefði ekki kannað fyllilega og nægilega hvort í leigusamningnum hefði falist ríkisaðstoð og, væri svo, hvort aðstoðin væri samrýmanleg EES-samningnum.

6. Ákvörðun 299/12/COL um að hefja formlega rannsókn

- 31) Eftirlitsstofnun EFTA ákvað 16. júlí 2014 að hefja formlega rannsókn á hugsanlegri ríkisaðstoð veittri með leigu ljósleiðara NATO. Í ákvörðun sinni lýsti Eftirlitsstofnun EFTA því yfir að ekki væri hægt að útiloka á grundvelli þeirra upplýsinga sem kvartandi og stjórnvöld á Íslandi hefðu lagt fram að í samningnum sem Varnarmálastofnun Íslands gerði við Vodafone 1. febrúar 2010 kynni að felast hugsanleg ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Í ákvörðuninni lýsti Eftirlitsstofnun EFTA því enn fremur yfir að á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga teldi hún vafa leika á að hin hugsanlega aðstoð samrýmdist framkvæmd EES-samningsins.

⁽¹⁹⁾ Tilvísunin er til þeirra leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunarinnar um breiðband sem voru í gildi þegar kvörtunin var lögð fram. Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti nýjar leiðbeinandi reglur um breiðband með ákvörðun nr. 73/13/COL frá 20. febrúar 2013 (Stjtið. ESB L 135, 8.5.2014, bls. 49, og EES-viðbætur nr. 278.5.2014, bls. 1), sem er að finna á: <http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines/>.

⁽²⁰⁾ Mál E-1/13 *Míla ehf.* gegn *Eftirlitsstofnun EFTA*, [2014] skýrsla EFTA-dómstólsins, bls. 4, 101. mgr.

7. Athugasemdir stjórnvalda á Íslandi um ákvörðunina um að hefja rannsókn⁽²¹⁾

- 32) Í svari sínu við ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn færa stjórnvöld á Íslandi fram þau rök að málið varði opnun á markaði þar sem fyrirtæki í ríkiseigu hafi áður notið einkaréttar, og síðar, eftir einkavæðingu og sölu, Míla. Ekki hefði verið raunsætt að nokkur samkeppnisaðili Mílu mundi koma upp samskonar neti og grunnvirki, þ.e. ljósleiðurum. Markaðurinn er afar mikilvægur fyrir almenning og aðgang hans að upplýsingum. Málið varði einnig aðgang og veitingu þjónustu við dreifbýl og strjálbýl svæði á Íslandi. Það sem geri málið einstakt séu flókin atriði varðandi eignarhald og mikilvægi takmarkana vegna hlutverks ljósleiðarans í varnarbúnaði og hættustjórnun Íslands og annarra aðildarríkja NATO.
- 33) Meginmarkmið stjórnvalda á Íslandi með ráðstöfununum var að að takmarka opinber útgjöld vegna rekstrar ljósleiðarans. Að öðru leyti miðuðu allar ráðstafanir sem gerðar voru að því að stuðla að meiri samkeppni innan markaðarins. Ráðstafanirnar skiluðu árangri og bæði almenningur, fyrirtæki í einkaeigu og opinberir aðilar, sem reiða sig í ríkum mæli á fjarskipti um allt land, njóta nú meiri samkeppni og betri þjónustu. Komið var á tilteknum takmörkunum til að örva samkeppni á jafnréttisgrundvelli, allar með það lokamarkmið fyrir augum að almenningur mundi njóta svo góðrar og ódýrrar þjónustu sem unnt væri.
- 34) Stjórnvöld á Íslandi ítreka þá skoðun sem þau hafa áður látið í ljósi að ráðstöfunin feli ekki í sér ríkisaðstoð, Auk þess leggja þau fram þær röksemdir sem eru tilgreindar hér á eftir.

Ríkisfjármunir, áhrifin af eignarhaldi strengsins og afleiðingar þess fyrir ávinning

- 35) Enda þótt Ísland andæfi því ekki að ríkisfjármunir kunni að teljast vera færðir til með öðrum hætti en beinni úthlutun ríkisins sjálfs á fjármunum til annarra aðila þá vill það leggja áherslu á að slíkt verði að meta í hverju tilviki fyrir sig.
- 36) Í þessu samhengi óska stjórnvöld á Íslandi eftir því að Eftirlitsstofnun EFTA hafi einkum í huga að „eignin“ (þ.e. ljósleiðarinn) sé ekki eign íslenska ríkisins eða nokkurs aðila á þess vegum. Eignin var fjármögnuð og byggð upp af þriðja aðila, þ.e. NATO og er varanleg eign þess þriðja aðila. Samkomulagið milli NATO og stjórnvalda á Íslandi var byggt á meginreglunni að hvorki væri kostnaður né gróði af því. Þetta þýðir að sérhverjar tekjur sem kunna að verða af leigu á ljósleiðaranum fara fyrst í að greiða rekstrarkostnað og minniháttar viðgerðir. Þetta samkomulag kemur fram í 16. gr. varnarmálalaga nr. 34/2008 og þar er nánar útskýrt að um sérhverja eign sem telst til þessa flokks gilda öryggisreglur og forgangsréttur NATO. Þar að auki skal skila öllum tekjuafgangi til eiganda ljósleiðarans, NATO, ef tekjur verða meiri en kostnaður. Verði kostnaður meiri en tekjur eða ef um meiriháttar viðgerðir eða endurnýjun er að ræða vegna óviðráðanlegra atvika ber stjórnvöldum á Íslandi ekki skylda til að greiða viðkomandi kostnað. Eigendur ljósleiðaranna deila þess í stað með sér kostnaði af viðgerð strengsins í hlutfalli við fjölda ljósleiðara hjá hvorum um sig, þ.e. Míla (5/8) og NATO (3/8). Af því leiðir að ekki er mögulegt að beita beint meginreglunni um seljanda í markaðshagkerfi í þessu máli þar eð stjórnvöld á Íslandi hafa engra efnahagslegra hagsmuna að gæta af því að hafa meiri leigutekjur en sem nemur rekstrar- og viðhaldskostnaði af ljósleiðaranum.
- 37) Í útboðsgögnunum er kveðið á um að aðgangur að ljósleiðaranum skuli háður ýmsum öðrum atriðum en leigunni og leiguverðinu. Samkvæmt málslíð 2.3 skyldi leigutaki útvega nauðsynlega aðstöðu og tengistaði fyrir ljósleiðarann. Íslenska ríkið tryggði ekki einu sinni að leigutakinn hefði aðgang að slíkri aðstöðu. Auk þess er mælt fyrir um það í málslíð 2.7 að meginreglan sé að leigutaki skili ljósleiðaranum í sama ástandi og hann var við móttöku en hafi leigutaki gert úrbætur skuli leigusali yfirtaka þær án endurgjalds í lok samningstímans. Semja þurfti um aðgang að ljósleiðaranum við Mílu sem átti þá aðstöðu sem var nauðsynleg til rekstrar ljósleiðarans. Að lokum gaf Póst- og fjarskiptastofnun út tvo úrskurði með fyrirmælum til Mílu sem ráðandi markaðsaðila, að veita Vodafone aðgang að tengipunktum gegn sanngjörnu gjaldi.

⁽²¹⁾ Athugasemdir stjórnvalda á Íslandi, sem eru teknar saman í þessum lið, er að finna í skjölum nr. 722921–722923, 744468–744471 og 753302–753303.

- 38) Stjórnvöld á Íslandi leggja fram gögn frá Vodafone varðandi viðbótarkostnað Vodafone af því að fá aðgang að ljósleiðaranum. ⁽²²⁾ Fjárfestingarkostnaður Vodafone í tækjum, stofnleiðurum og upphafleg gjöld til Mílu nema 130 milljónum króna. Auk þess eru árleg leyfisgjöld fyrir búnað að fjárhæð 7,5 milljónir króna. Þessi kostnaður bætist við árleg leigugjöld að fjárhæð 19,15 milljónir króna sem eru bundnar verðvísitölu. Auk þess greiðir Vodafone Landhelgisgæslunni mánaðarlegt 15 000 króna gjald fyrir hvern tengipunkt umfram þá sem falla undir gildandi samning við Landhelgisgæsluna.
- 39) Þetta sýnir að „eignin“ í þessu tilviki er ekki í eigu ríkisins, fjárhagslegum ávinningi er deilt með raunverulegum eiganda samkvæmt meginreglunni að hvorki verði til kostnaður né gróði og að það var ekki á valdi stjórnvalda á Íslandi að veita hugsanlegum fjárfestum óskoraðan aðgang að ljósleiðaranum. Staðreyndir þessar skipta máli: í fyrsta lagi við mat á því hvort ríkisfjármunir hafi verið yfirfærðir, í öðru lagi þegar þegar útboðsferlið er skoðað og í þriðja lagi hafa þeir áhrif á viðskiptalega hvata varðandi hæfilegt leiguverð. Loks sýna málavextir að nánast er ómögulegt að bera saman ímyndaðan viðskiptaaðila á markaði og ríkið af því að enginn markaðsaðili gæti hafa verið í sambærilegri stöðu. Takmarkanir NATO, sem fjallað verður um hér á eftir, og flókið eignarhald og tekjudreifing væri gjörsamlega framandi í augum venjulegs markaðsaðila.

Takmarkanir NATO og líkindi að gripið yrði til þeirra

- 40) Stjórnvöld á Íslandi halda því fram að líkurnar á því að NATO nýti ljósleiðarann eða afturkalli kunnni að vera breytilegar á samningstímanum og hvorki á valdi Íslands né NATO að ráða þeim. Þrátt fyrir það hafi takmarkanir NATO eðli sínu samkvæmt veruleg og neikvæð áhrif á nýtingu ljósleiðarans í viðskiptaskyni. Áhrifin á markaðsverð leigu séu neikvæð og meta stjórnvöld á Íslandi neikvæð áhrif á verðið sem 15–25%. Engar slíkar takmarkanir eru til staðar varðandi þá ljósleiðara sem Míla rekur.

Útboðsferlið

- 41) Stjórnvöld á Íslandi halda því fram að útboðsferlið 2008 hafi fullnægt kröfum sem gera verður til viðeigandi aðferðar til að finna markaðsverð. Að því gefnu hvernig eignarhaldinu var háttáð, hvaða takmarkanir voru fyrir hendi varðandi varnarhlutverkið í NATO og hvers eðlis eignin er hefði nánar tiltekið enginn einkaaðili sem taka hefði þurft tillit til allra þessara atriða talið ferli koma til álita þar sem leiguverðið hefði verið eina viðmiðunin.
- 42) Stjórnvöld á Íslandi halda því fram að úthlutunarviðmiðanirnar sex í útboðinu séu fyllilega réttlætanager og eru ekki sammála því áliti, sem Eftirlitsstofnun EFTA lét í ljós í ákvörðuninni um að hefja rannsókn, að viðmiðunin um að örva samkeppni kynni að hafa verið starfandi rekstraraðila á markaði í óhag. Þau benda einkum á að Míla hafi engra viðskiptahagsmuna að gæta varðandi ljósleiðara NATO. Því skyldi líta framhjá sérhverri röksemd Mílu þess efnis að hún kynni hugsanlega að hafa geta boðið hærra. Ekkert boð frá Mílu hefði verið gert í góðri trú sem viðskiptatilboð. Stjórnvöld á Íslandi halda því fram að þeim hefði verið heimilt að útiloka slíkt tilboð í framhaldi af dómnum í máli T-244/08 *Konsum Nord* gegn framkvæmdastjórninni. ⁽²³⁾
- 43) Stjórnvöld á Íslandi andæfa þeirri skoðun, sem kvartandi lét í ljós, að með því að setja lágmarksverð í útboðinu hafi bjóðendur verið fældir frá því að keppa í verði. Viðmið um lágmarksverð takmarki ekki samkeppni í verði. Bjóðendur myndu bjóða eins hátt og þeir teldu markaðinn leyfa. Með því að taka lágmarksverð í burtu væri einungis verið að hvetja til lægri boða heldur en hefðu í raun náðst í ferlinu og verðbilið hefði einungis aukist niður á við. Það að flest tilboðin hefðu verið innan lítils verðbils getur einungis bent til þess að markaðurinn hafi af viðskiptalegum ástæðum verið tregur til þess að fara upp yfir lágmarksverðið.
- 44) Stjórnvöld á Íslandi leggja áherslu á að í útboðinu var ekki í raun einungis einn verðþáttur heldur tveir aðskildir verðþættir. Auk leiguverðsins kepptu bjóðendur einnig varðandi fjölda nettengipunkta sem þeir skuldbundu sig til að leggja. Hver þessara tengipunkta krefst verulegra fjárfestinga sem leigutaki eignast ekki í lok leigutímans heldur auka þeir virði ljósleiðara NATO.

⁽²²⁾ Bréf frá ADVEL lögmannsstofunni 6. febrúar 2015 til lögmannsstofunnar Landslaga (skjal nr. 744468).

⁽²³⁾ Dómur í *Konsum Nord ekonomisk förening* gegn framkvæmdastjórninni, T-244/08, EU:T:2011:732.

Sérfræðileg matsrannsókn Mannvits

- 45) Í málsgrein 87 í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 410/12/COL um að hefja rannsókn var óskað eftir því að stjórnvöld á Íslandi legðu fram mat óháðs sérfræðings á markaðsvirði leigugjaldsins. Upphaflega skildu stjórnvöld á Íslandi þessa ósk sem svo að hún væri háð því að stjórnvöld á Íslandi drægju til baka röksemdir varðandi útboðsferlið og að raunverulegt leigugjald væri heppilegt staðgöngugildi fyrir slíkt markaðsvirði. Þar eð þessum röksemdum var áfram haldið uppi að áliti stjórnvalda á Íslandi var engin matsrannsókn tekin með í þær upphaflegu athugasemdir sem stjórnvöld á Íslandi tóku saman. Í svörum sínum við athugasemdum þriðju aðila, einkum röksemdum sem Míla lagði fram varðandi meint markaðsvirði umræddra leiguréttinda, óskuðu stjórnvöld á Íslandi eftir og lögðu fram sérfræðilega matsrannsókn frá ráðgjafafyrirtækinu Mannviti. ⁽²⁴⁾ Mannvit er alþjóðlegt ráðgjafafyrirtæki á sviði verkfræði, tækniþjónustu og nýsköpunar og hafði þegar veitt stjórnvöldum á Íslandi ráðgjöf um útboðsferlið í þessu máli.
- 46) Mannvit ber fyrst ljósleiðara NATO, sem Vodafone leigir, saman við vöruna sem er í boði (leigðar stofnlínur) og sem Míla nefnir í kvörtun sinni (sjá nýjustu útreikninga í málsgrein (56) hér að neðan). Mannvit útskýrir allnokkur aðgreinandi atriði sem skipta máli:
- Reglustýrð verðskrá Mílu fyrir leigu á ljósleiðaralínunum gildir einungis fyrir þjónustu milli þegar lagðra tengipunkta sem eru til staðar með flutningsbúnaði sem er til staðar. Ljósleiðarinn, sem Vodafone leigði, krafðist lagningar flutningsbúnaðar á 30 stöðum. Mannvit áætla meðalkostnað af lagningu þessa búnaðar vera fjórar milljónir króna á hvern tengipunkt með 15% árlegum afskriftum, áætluðum rekstrargjöldum 20% af fjárfestingar-útgjöldum og 8,5% í veginn meðaltalskostnað af fjárfestingu. ⁽²⁵⁾ Samanlagt reiknar Mannvit árlegan kostnað upp á 52 milljónir króna af fjárfestingum til þess að það leiguverð sem Vodafone greiddi verði sambærilegt við tilboð Mílu.
 - Míla grundvallar útreikninga sína á raunverulegri lengd ljósleiðara NATO, þ.e. 1 850 km. Hins vegar eru eigin útreikningar hennar miðaðir við tengingar milli tveggja fastastöðva, þ.e. beina línu milli viðkomandi tengistöðva. Þegar þessari aðferð, útreikningi á tengingum milli tveggja fastastöðva, er beitt á tengistöðvarnar í ljósleiðara NATO þegar viðskiptin fóru fram verður heildarlengdin einungis 1 283 km.
 - Í útreikningum Mílu er gengið út frá 15% afslætti sem er mesti afsláttur sem Míla getur veitt frá reglustýrðu verði fyrir samning til þriggja ára. Þegar leigusamningurinn var gerður veitti Míla hins vegar 25% afslátt til viðskiptavina sem leigðu svipaða lengd ljósleiðara. Auk þess ættu tíu ár að leiða til meiri afsláttar en 15% afslátturinn sem gildir um þriggja ára samninga. Því gerir Mannvit ráð fyrir 25% afslætti.
 - Mannvit dregur enn fremur í efa hvort núgildandi reglustýrð verðskrá Mílu (7 609 kr. á km á mánuði sem tók gildi 1. ágúst 2011) sé góður mælikvarði til að ákvarða markaðsverð. Reglustýrða verðskráin sem Póst- og fjarskiptastofnun setur á grundvelli greiningar á sögulegum kostnaði Mílu við allt ljósleiðaranetið, þ.m.t. alla viðeigandi tengipunkta Mílu, rekstrarkostnað Mílu á hverjum þessara staða um sig, almennt nýtingarhlutfall Mílu o.s.frv. Sumir þessara kostnaðarþátta eiga ekki við ljósleiðara NATO sem hér um ræðir sem er miklu einfaldari og með færri tengipunktum. Verðskrá Mílu er þannig byggð á kostnaði og skiptir einvörðungu máli fyrir eigin aðstæður Mílu sem eru gjörólíkar aðstæðum annarra markaðsaðila. Mannvit bendir einnig á að þegar útboðið fór fram hafi markaðsaðilum ekki verið veitt tækifæri til þess að leigja ljósleiðara af Mílu nema í undantekningartilvikum. Þeim sem þess óskuðu var einfaldlega sagt að engir ljósleiðarar væru á lausu. Við þessar aðstæður er ekki við hæfi að vísa til verðs Mílu sem markaðsverðs. Mannvit leggur því til að nota fremur sem grundvöll að útreikningi á markaðsverði nýjasta heildsöluverð annars rekstraraðila, Orkufjarskipta (5020 kr. á kílómetra á mánuði, sem tók gildi 1. janúar 2014). Þessi rekstraraðili veitir einnig 15% afslátt í samningum til þriggja ára.

⁽²⁴⁾ Skjal nr. 753303.

⁽²⁵⁾ Við þetta verðmat vísar Mannvit einkum til kostnaðargreiningarinnar í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 14/2011, sem er að finna hér: http://www.pfs.is/upload/files/Ákv_14-2011_M13-14_Leigulínur.pdf.

- Það verðmat sem Míla leggur fram á við verð nú og það sama á við um verðskrá Orkuþjónskipta sem vísað var til hér að framan. Eigi samanburðurinn að vera merkingarbær verður að bera þetta verð saman við þá leigu sem Vodafone greiðir núna, sem eru 28 milljónir króna á ári.
- 47) Mannvit metur þannig að í upphafi ætti að reikna markaðsleiguna fyrir ljósleiðara NATO (fyrir fjárfestingar) út miðað við fjarlægðina milli tveggja faststöðva, 1 283 kílómetra, og verð Orkuþjónskipta upp á 5 020 kr. á kílómetra á mánuði með 25% afslætti, sem gefur verðgildið 57 965 940 kr. á ári.
- 48) Til þess að bera verðgildið hér að framan saman við það leigugjald sem Vodafone greiddi verður að taka tillit til þess að Vodafone þurfti að takast á við að greiða margvíslegan kostnað til þess að gera ljósleiðarann rekstrarhæfan og fullnægja skuldbindingum sínum samkvæmt leigusamningnum. Mannvit metur þennan kostnað vera 52 milljónir króna á ári. Þegar þessari fjárhæð er bætt við leiguverðið sem Vodafone greiðir, sem er núna 28 milljónir króna á ári, verður heildarfjárhæðin 80 milljónir króna á ári eða vel yfir áætluðu verði út frá verðskrá Orkuþjónskipta, sem er um það bil 58 milljónir króna á ári. Mannvit kemst þannig að þeirri niðurstöðu að leigan fyrir að leigja ljósleiðara NATO sé í raun yfir markaðsverði.
- 49) Mannvit mat ekki áhrifin á markaðsvirðið af takmörkunum vegna hlutverks ljósleiðarans í varnarbúnaði og hættustjórnun Íslands og annarra aðildarríkja NATO. Stjórnvöld á Íslandi meta hins vegar sem svo að þessar takmarkanir hafi neikvæð áhrif á verðið sem nemur 15–25%.

Samrýmanleiki hugsanlegrar aðstoðar

- 50) Stjórnvöld á Íslandi halda því fram að ef ráðstöfunin telst fela í sér ríkisaðstoð ætti að lýsa slíka aðstoð samrýmanlega framkvæmd EES-samningsins með vísan til 2. mgr. 59. gr. og/eda c-liðar 3. mgr. 61. gr.
- 51) Stjórnvöld á Íslandi hafa áður bent á að líta mætti sem svo á að ráðstöfunin fæli í sér fjármögnun á þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu í samræmi við meginreglurnar sem bundnar eru í kafla 2.2.2 þeirra leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um breiðband sem giltu þegar mat var lagt á ráðstöfunina.
- 52) Þá halda stjórnvöld á Íslandi því einnig fram að hugsanlegt sé að öðrum kosti að heimila slíka aðstoð á grundvelli c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Þau benda á að stjórnvöld á Íslandi hafi þegar sýnt fram á að markmiðin með ráðstöfuninni, m.a. markmiðið að auka breiðbandsaðgengi almennings á svæðum sem njóta byggðaaðstoðar, séu sameiginlegt hagsmunamál. Þau leggja til að beitt verði meginreglum nágildandi leiðbeinandi reglna um breiðband gagnvart þeirri ráðstöfun sem hér um ræðir og halda því fram að ráðstöfunin uppfylli allar efnislegar kröfur um samrýmanleika.

8. Athugasemdir hagsmunaaðila um ákvörðunina um að hefja rannsókn

8.1 Míla ⁽²⁶⁾

- 53) Í athugasemdum sínum við ákvörðunina um að hefja rannsókn ítrekar Míla og gerir nánari grein fyrir því sem hún hafði áður lagt fram í kvörtun sinni og kæru til EFTA dómstólsins.
- 54) Varðandi ríkisfjármuni og eignarhald á ljósleiðaranum stendur Míla í meginatriðum fast á því að ríkisstjórn Íslands fari með eignarhaldið. Til stuðnings þessari fullyrðingu vísar Míla í fyrsta lagi til skýrslu sérstakrar nefndar frá 2001 um einkavæðingu Landssíma Íslands hf., fjarskiptafyrirtækis í ríkiseigu (síðar Síminn hf. og Míla ehf.). Í öðru lagi vísar Míla til samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Símans hf. frá 27. mars 2001 varðandi eignarhald, rekstur og viðhald á ljósleiðurunum. Míla telur að bæði skjölin staðfesti að ríkisstjórn Íslands fari með eignarhaldið á ljósleiðurunum. Míla tekur hins vegar fram að burtséð frá því hvort ljósleiðarinn teljist formlega í eigu íslenska ríkisins eða NATO þá hafi ráðstöfunin verið gerð með ríkisfjármunum.

⁽²⁶⁾ Athugasemdir Mílu, sem eru teknar saman í þessum lið, er að finna í skjali nr. 729699.

- 55) Míla heldur því fram að þegar leitað hafi verið eftir tilboðum um leigu á ljósleiðurunum hafi ekki tekist að ákvarða markaðsverð og með því hafi Vodafone verið gert kleift að greiða lægra leiguverð en hún telur markaðsvirði; af því leiði að Vodafone njóti ávinnings samanborið við keppinauta sína. Af þessu leiði svo að í samningnum við Vodafone felist ríkisaðstoð.
- 56) Míla leggur einnig fram uppfært mat á markaðsverði fyrir ljósleiðara NATO. Byggt á reglustýrðu verðskránni (gildandi frá 1. ágúst 2011) fyrir aðgang að einum stökum ljósleiðara, 7 609 kr. á kílómetra á mánuði, og 15% afslátt fyrir samning til þriggja ára ætti markaðsverðið fyrir 1 850 kílómetra ljósleiðara að vera 143 589 600 kr. á ári.
- 57) Hvað varðar samrýmanleika heldur Míla því fram að Eftirlitsstofnun EFTA ætti að komast að þeirri niðurstöðu að ráðstöfunin fullnægði ekki viðeigandi viðmiðum sem sett eru fram í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um breiðband og samrýmist því ekki ákvæðum c-liðar 3. mgr. 61. EES-samningsins.
- 58) Varðandi hugsanlegan samrýmanleika skv. 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins, vegna endurgjalds fyrir þjónustu í almannabágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, heldur Míla því fram að EFTA-ríkjunum sé ekki heimilt að leggja sérstakar almannþjónustukvaðir á þjónustu sem er þegar í boði hjá fyrirtækjum sem starfa við venjuleg markaðsskilyrði. Þar eð Míla veitti þegar sömu ljósleiðaraþjónustu á landinu frá því áður en samningurinn var gerður við Vodafone ætti niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að vera sú að ekki megi skilgreina ráðstöfun ríkisstjórnar Íslands sem þjónustu í almannabágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu. Af þessu leiðir að ekki er heimilt að veita ríkisaðstoð í umræddu máli með tilvísun til 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins.

8.2 Vodafone ⁽²⁷⁾

- 59) Vodafone er í fyrsta lagi þeirrar skoðunar að í samningi þess við stjórnvöld á Íslandi felist ekki ríkisaðstoð. Hvað sem öðru líður þá sé samningurinn í samræmi við meginreglur *Altmark* um þjónustu í almannabágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu. Í öðru lagi, teljist aðstoðarþáttur vera til staðar í þessu máli heldur Vodafone því fram að sú undantekning eigi við sem kveðið er á um c-lið í 3. mgr. 61. EES-samningsins.
- 60) Varðandi samrýmanleika telur Vodafone að leiðbeinandi reglurnar um breiðband eigi við um mat á umræddri ráðstöfun. Vodafone leggur áherslu á að enda þótt einn kerfisrekandi sé þegar starfandi á tilteknu sviði þýði það ekki nauðsynlega að ekki sé um markaðsbrest eða samheltnivandkvæði að ræða. Þvert á móti hafi einokunarstaða Mílu á viðkomandi markaði bæði haft áhrif á þjónustugæði og verðið sem þjónustan er boðin borgurum á. Harla litlar horfur voru á að þriðju aðilar myndu byggja upp annað grunnvirki. Leigan á ljósleiðarastreng NATO hentaði því mjög vel til að bæta úr þeirri stöðu að engin samkeppni var varðandi grunnvirki og þeim vandamálum sem stafa í dag af einokunarstöðu Mílu.
- 61) Með fyrri ráðstöfunum með reglusetningu hafði ekki tekist að jafna samkeppnisskilyrði á markaðnum. Af þessu leiddi að samkeppni á markaði var ennþá óskilvirk. Þess er sérstaklega að geta að Míla hafði náð góðum árangri í að koma í veg fyrir að Vodafone kæmist inn á viðkomandi markað með því að neita fyrirtækinu um aðgang að nauðsynlegum búnaði.
- 62) Gerð þess samkomulags sem hér er deilt um leiddi til þess að samkeppni batnaði til muna, einkum í dreifbýli, sem varð því til hagsbóta fyrir neytendur. Til dæmis gat Vodafone lagt til nettengingu í sveitarfélaginu Örfæsasveit, afskekktum og dreifbýlum landshluta þar sem kvartandi hafði áður tilkynnt að hann mundi ekki veita neina slíka þjónustu.
- 63) Leigusamningurinn var nauðsynlegur þáttur í því að Vodafone byggði upp og hæfi að veita slíka þjónustu í þessum landshluta. Míla hefði beitt tafatækni með því að neita Vodafone um aðgang að samhýsingu. Vodafone þurfti að leita eftir formlegri ákvörðun Póst- og fjarskiptaeftirlitsins í máli sem varðaði aðganginn og var hún birt 1. nóvember 2010. Í kjölfar þess leigusamnings sem deilt er um gat Vodafone aukið heildsöluframboð sitt svo að það náði til meira en 30 mismunandi þjónustuleiða.

⁽²⁷⁾ Athugasemdir Vodafone, sem eru teknar saman í þessum lið, er að finna í skjali nr. 723556.

8.3 Einkaaðili ⁽²⁸⁾

- 64) Athugasemdir einkaaðila lýsa reynslu hans þegar hann vann að því að koma upp grunnvirki fyrir ljósleiðara um breiðband í þremur fámennum og afskekktum sveitarfélögum. Örfæfasveit, Kirkjubæjarklaustri og Mýrdal. Þessi þrjú kerfi eru öll tengd rekstri Vodafone á ljósleiðarastrengnum. Vodafone var eitt reiðubúið að binda sig til að veita íbúum og fyrirtækjum í þessum sveitarfélögum þessa þjónustu þegar eftir því var leitað. Önnur fjarskiptafyrirtæki svöruðu ekki fyrirspurn íbúanna. Þegar breiðbandið í Örfæfasveit var komið til ákváðu tvö önnur sveitarfélög að fjárfesta í ljósleiðarastreng til allra íbúa sinna, þ.e. Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Hvalfjarðarstrandarhreppur. Einkaaðilinn er þeirrar skoðunar að mun minni framfarir hefðu orðið í veitingu fjarskiptaþjónustu í afskekktum landshlutum á Íslandi ef ekki hefði komið til þess að Vodafone leigði ljósleiðara NATO.

⁽²⁸⁾ Þær athugasemdir sem eru teknar saman í þessum lið er að finna í skjali nr. 729917.

II. MAT

1. Er um ríkisaðstoð að ræða?

1.1 Inngangur

65) Í eftirfarandi köflum mun Eftirlitsstofnun EFTA meta hvort samningurinn milli Varnarmálastofnunar og Vodafone um leigu hins síðarnefnda á ljósleiðara sem var áður rekinn fyrir hönd NATO feli í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

66) Ráðstöfun telst ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins ef öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt samtímis: ráðstöfunin i) er veitt af hálfu ríkisins eða af ríkisfjármunum, ii) veitir viðtakanda efnahagslegan ávinning, iii) er sértæk og iv) til þess fallin að raska samkeppni og viðskípum milli samningsaðila.

1.2 Ríkisfjármunir

67) Samkvæmt 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, verður ráðstöfunin að vera aðstoð sem ríkið veitir eða veitt er af ríkisfjármunum til að teljast aðstoð.

68) Það er meginskoðun Mílu að ríkisstjórn Íslands fari með eignarhald á ljósleiðaranum. Án tillits til þess hvort hann sé formlega í eigu íslenska ríkisins eða NATO þá hafi ráðstöfunin hins vegar verið gerð með ríkisfjármunum.

69) Stjórnvöld á Íslandi hafa gert grein fyrir því að eignarhald á ljósleiðaranum sé hjá NATO, sjá liði I.4 og I.7 hér að framan. Tilföngin (þ.e. ljósleiðararnir þrír) voru hvorki í eigu íslenska ríkisins né nokkurs aðila á þess vegum. NATO fjármagnaði eignina, byggði hana upp og átti hana varanlega. Samkomulagið milli NATO og stjórnvalda á Íslandi var byggt á meginreglunni að hvorki væri kostnaður né gróði af því, eins og staðfest er í varnarmálalögum nr. 34/2008, sjá 5., 15. og 16. gr. laganna. Ríkisstjórn Íslands hefur engu að síður víðtækan rétt til að nota þá og nýta sér á annan hátt, þ.m.t. rétt til að leigja ljósleiðarana og nýta afraksturinn til viðhalds og annars rekstrarkostnaðar.⁽²⁹⁾ Um þennan afnotarétt gilda hins vegar öryggisreglur og forgangsréttur NATO. Þar að auki renna allar tekjur umfram rekstrarkostnað við ljósleiðarana til NATO. NATO mun einnig greiða fyrir allar meiriháttar viðgerðir eða endurnýjun vegna óviðráðanlegra atvika.⁽³⁰⁾

70) Með vísan til greinargerðar stjórnvalda á Íslandi telur Eftirlitsstofnun EFTA að umræddur ljósleiðari sé ekki í eigu íslenska ríkisins. Hins vegar ræður eignarhald ljósleiðarans ekki úrslitum fyrir mat Eftirlitsstofnunarinnar. Það er óumdeilt að íslenska ríkið nýtur yfirráðaréttar sem gerir því kleift að nýta sér leigurétt. Til að um ríkisfjármuni sé að ræða er nóg að umrædd eign, þ.e. leiguréttindin, hafi verið undir yfirráðum hins opinbera, eins og Míla bendir réttilega á, og stjórnvöld í landinu hafi getað ráðstafað þeim,⁽³¹⁾ enda þótt hún hafi ekki verið í eigu yfirvaldanna.⁽³²⁾

71) Hvað varðar ríkisfjármuni þá var markmiðið með útboðsferlinu og leigunni á ljósleiðaranum sem lýst er í lið I.2 ekki að styrkja áhugasama leigutaka heldur þvert á móti að létta af íslenska ríkinu kostnaði sem það var skuldbundið til að greiða fyrir rekstur og viðhald þeirra ljósleiðara NATO sem það hafði yfir að ráða. Eins og fram kemur í málsgrein (36) hér að framan hafa stjórnvöld á Íslandi greint frá því að samkomulag þeirra við NATO er byggt á meginreglunni að hvorki sé kostnaður né gróði af því. Þetta þýðir að sérhverjar tekjur sem kunna að verða af leigu á ljósleiðaranum fara fyrst í að greiða rekstrarkostnað og minniháttar viðgerðir. Skila skal öllum tekjuafgangi til eiganda ljósleiðarans, NATO, ef tekjur verða meiri en kostnaður. Verði kostnaður meiri en tekjur eða ef um meiriháttar viðgerðir eða endurnýjun er að ræða vegna óviðráðanlegra atvika ber stjórnvöldum á Íslandi ekki skylda til að greiða viðkomandi kostnað. Eigendur ljósleiðaranna deila þess í stað með sér kostnaði af viðgerð strengsins í hlutfalli við fjölda

⁽²⁹⁾ Sjá 16. gr. varnarmálalaga nr. 34/2008.

⁽³⁰⁾ Sjá nánari lýsingu á ráðstöfunum milli Íslands og NATO í lið I.4 hér að framan.

⁽³¹⁾ Sjá til dæmis dóma í *Essent Netwerk Noord*, C-206/06, EU:C:2008:413, 70. mgr. og í *Frakkland gegn Ladbroke Racing og framkvæmdastjórninni*, C-83/98, EU:C:2000:248, 50. mgr.

⁽³²⁾ Dómur í *Air France gegn framkvæmdastjórninni*, T-358/94, EU:C:1996:194, 64.–67. mgr.

ljósleiðara hjá hvorum um sig. Þetta samkomulag endurspeglast í því að í útboðinu var sett lágmarksverð sem samsvaraði greiðsluskyldum Íslendinga vegna rekstrar og viðhalds. Útboðið var þannig unnið með þeim hætti að komið var í veg fyrir að gengið væri á ríkisfjármuni vegna þeirra leiguréttinda sem voru boðin út. Það er álit Eftirlitsstofnunar EFTA að máli skipti að tekið sé til athugunar hvort telja megi slíkar ráðstafanir, sem gerðar eru við séraðstæður þessa máls og miða að því að koma í veg fyrir að gengið sé á ríkisfjármuni við þau skilyrði að yfirfæra verður til þriðja aðila samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum allar umframtekjur sem kunna að verða, uppfylli kröfurnar í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins um að ráðstöfunin sé veitt af hálfu ríkisins eða af ríkisfjármunum. Með hliðsjón af því að ráðstöfunin leiddi ekki til efnahagslegs ávinnings (sjá lið 1.3 hér að neðan) þarf Eftirlitsstofnun EFTA hins vegar ekki að kanna þetta atriði frekar.

1.3 Ávinningur

1.3.1 Almenn

- 72) Til þess að ráðstöfunin teljist vera ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 1. gr. EES-samningsins verður hún að veita fyrirtæki efnahagslegan ávinning.
- 73) Fyrirtæki eru einingar sem stunda efnahagslega starfsemi, óháð því hver lögformleg staða þeirra er og hvernig þau eru fjármögnuð. Efnahagsleg starfsemi felst í því að bjóða vörur og þjónustu á markaði. Meintur aðstoðarþegi ráðstöfunarinnar er Vodafone á Íslandi. Fyrirtækið starfar á markaði rafrænna fjarskipta, og veitir fastasíma-, farsíma- og gagnaflytningstjónustu á Íslandi. Af þessu leiðir að sérhver aðstoð sem felst í því að ríkið leigi ljósleiðara NATO væri aðstoð veitt fyrirtæki.
- 74) Ívilnun, í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, er efnahagslegur ávinningur sem fyrirtæki hefði ekki fengið við eðlilegar markaðsaðstæður og kemur því þar með í vænlegri stöðu en keppinautar þess. Til þess að ráðstöfunin teljist aðstoð verður hún að færa Vodafone ávinning sem hlífir því við greiðslum sem það þyrfti almennt að inna af hendi af rekstrarfé sínu. Hafi viðskiptin verið gerð á hagstæðum kjörum í þeim skilningi að Vodafone hafi greitt leigugjald sem var lægra en markaðsverð væri fyrirtækinu ívilnað í skilningi reglna um ríkisaðstoð.
- 75) Eftirlitsstofnun EFTA beitir „*meginreglunni um seljanda í markaðshagkerfi*“⁽³³⁾ þar sem hegðun ríkis eða stjórnvalda sem selja eða leigja eignir er borin saman við hegðun einkafyrirtækja við mat á þessum þætti. Eftirlitsstofnun EFTA telur þvert á afstöðu stjórnvalda á Íslandi að beita megi þessari meginreglu í þessu máli enda þótt Ísland eigi ekki umræddan ljósleiðara í ljósi þess að samningurinn við Vodafone er um leiguréttindi sem Ísland hefur rétt á að nýta. Hins vegar verður við matið að taka tillit til þeirra sérstöku skilmála sem giltu um leiguréttindin, einkum þess að stjórnvöld á Íslandi gátu einungis boðið ljósleiðarann til leigu í því ástandi sem hann var þar eð hann var notaður í varnarskygni, með einungis nokkrum tengipunktum á lausu til viðskiptanota, auk þess sem NATO hafði uppsagnarrétt ef til ófriðar kæmi. Eftirlitsstofnun EFTA bendir einnig á að þau leiguréttindi sem Ísland hefur ráðstöfunarrétt yfir eru háð samningsskuldbindingum sem kveða á um að sérhverjar leigutekjur umfram rekstrar- og viðhaldskostnað á ljósleiðaranum skuli renna til NATO.
- 76) Tilgangurinn með meginreglunni um seljanda í markaðshagkerfi er að meta hvort sala eða leiga á eignum sem opinber aðili stendur fyrir feli í sér ríkisaðstoð, með því að rannsaka hvort einkaaðili hefði við eðlilegar markaðsaðstæður hegðað sér eins. Opinberi aðilinn verður að horfa framhjá opinberum stefnumiðum og líta þess í stað til þess eins að fá markaðsávöxtun eða hagnað af fjárfestingum sínum eða markaðsverð fyrir sölu eða leigu eigna.⁽³⁴⁾ Eftirlitsstofnun EFTA bendir hins vegar á að við þetta mat þarf almennt að taka tillit sérhverra réttinda eða skuldbindinga sem tengjast viðkomandi eign, einkum þeirra sem gætu haft áhrif á markaðsverðið.

⁽³³⁾ Hvað varðar beitingu á „*meginreglunni um seljanda í markaðshagkerfi*“ má sjá mál E-12/11 *Asker Brygge* [2012] skýrsla EFTA dómstólsins bls. 536 og dóm í *Land Burgenland og aðrir gegn framkvæmdastjórninni*, mál C-214/12 P, C-215/12 P og C-223/12 P, EU:C:2013:682. Þessi mál varða sölu á beinum eignarrétti á landi. Hins vegar er þar einnig að finna leiðsögn um sölu á öðrum réttindum á landi, þ.m.t. leiguréttindum í þessu máli.

⁽³⁴⁾ Dómur í *Land Burgenland og aðrir gegn framkvæmdastjórninni*, C-214/12 P, C-215/12 P og C-223/12 P, EU:C:2013:682.

- 77) Unnt er að ákvarða með tilteknum staðgöngugildum hvort farið sé að markaðsskilyrðum og hvort verð í viðskiptum svari til markaðsverðs. Ef innlend stjórnvöld standa fyrir opnu, gagnsæju og skilmálalaus útbóðsferli er það almennt talin viðeigandi leið til að tryggja að sala eða leiga eigna sé í samræmi við meginregluna um seljanda í markaðskerfi og að sanngjarnt markaðsvirði hafi verið greitt fyrir umrædda vöru og þjónustu. Þetta þýðir hins vegar ekki sjálfkrafa að réttlætlanlegt sé að ganga út frá því að um ríkisaðstoð hafi verið að ræða ef ekki hefur verið viðhaft skipulagt útbóðsferli eða ef gallar hafa verið á slíku ferli. Lög um opinber innkaup og lög er varða ríkisaðstoð gilda samhliða og engin ástæða er til að ætla að brot til dæmis á reglu um opinber innkaup þýði sjálfkrafa að brotið hafi verið gegn reglum um ríkisaðstoð. ⁽³⁵⁾
- 78) Eins og kveðið er á um í *Land Burgenland* málinu, sem vísað er til í málsgrein 97 í dómi EFTA dómstólsins í máli E-1/13 á hins vegar við að „þegar opinbert yfirvald tekst á hendur að selja fyrirtæki í sinni eigu í opnu, gagnsæju og skilmálalaus útbóði má ganga frá því sem gefnu að markaðsverðið samsvari hæsta tilboði, að því tilskildu í fyrsta lagi að áður séu færðar sönnur á að tilboðið sé bindandi og trúverðugt og í öðru lagi að ekki sé réttlætlanlegt að taka mið af öðrum fjárhagslegum þáttum en verðinu.“ ⁽³⁶⁾ Sama meginregla hlýtur að gilda um leigu á eignum. Einkaaðili sem leigir út eignir sínar mundi almennt reyna að fá besta tilboð með áherslu á verð og, til dæmis, ekki taka tillit til þátta eins og fyrirhugaðrar notkunar slíkra eigna nema hún hefði áhrif á verðmæti eignanna að loknum leigutímanum. Því má ganga út frá því, að því tilskildu að fyrrnefndum forsendum fullnægt, að markaðsverðið sé hæsta verð sem einkaaðili er reiðubúinn að greiða fyrir notkun umræddra eigna við eðlilegar samkeppnisaðstæður. ⁽³⁷⁾
- 79) Af ofangreindu leiðir að ríkisaðstoð getur falist í sölu eða leigu eigna jafnvel þegar hún fer fram á grundvelli samkeppni. Þetta getur einkum orðið þegar kvaðir lagðar á kaupandann leiða til lægra verðs. Þær kvaðir sem hafa þessi áhrif eru þær sem eru settar til að leitast við að ná opinberum stefnumiðum og sem draga úr þeim hagnaði sem kaupandinn væntir. Einkaaðilar setja að jafnaði ekki slíkar kvaðir vegna þess að þær draga að jafnaði úr hámarki þeirra tekna sem má fá við sölu eða leigu eignarinnar.

1.3.2 Útbóðsferlið og úthlutunarviðmiðanir

- 80) Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið verður Eftirlitsstofnun EFTA að rannsaka hvort útbóðsferlið og úthlutunarviðmiðanirnar hafi verið fullnægjandi og hentað vel til að ákvarða markaðsverð. Til að sannreyna þetta þarf Eftirlitsstofnun EFTA að taka til athugunar hvort ríkið hafi komið fram eins og einkaaðili þegar það samdi útbóðið og ákvarðaði úthlutunarviðmiðanirnar eða hvort opinber stefna og lagasjónarmið hafi fremur verið ráðandi.
- 81) Útbóðsferlinu og fram lögðum röksemdum varðandi notkun þeirra úthlutunarviðmiðana sem valdar voru er list í einstökum atriðum í lið I.2.1 hér að framan og auk þess í ákvörðun nr. 299/14/COL. Eins og sett er fram í töflu 1 samanstöðu margþátta úthlutunarviðmiðanirnar af sex aðskildum matsliðum sem vógu hver um sig 10% eða 15% að undanskilinni viðmiðuninni um örvun samkeppni sem vó 40%.
- 82) Stjórnvöld á Íslandi hafa nú útskýrt að auk leiguverðs (samsvarandi 15% af úthlutunarviðmiðunum) ætti einnig að telja útbóðsskilmála um fjölda tengipunkta til verðþátta (önnur 15% af úthlutunarviðmiðunum) þar eð tengipunktarnir séu ómissandi fyrir þjónustuna og gildi hennar vaxi með fjölda tengipunkta. Sérhver tengipunktur krefst verulegrar fjárfestingar í búnaði (sjá verðmat í rannsókn Mannvits í lið I.31) hér að framan) sem rennur til leigusala í lok leigutímans og hefur þannig áhrif á verðmæti umræddra leiguréttinda eftir að leigutíma lýkur. ⁽³⁸⁾ Eftirlitsstofnun EFTA lítur því svo á að verðhluti útbóðsskilmálanna sé í heild 30% af úthlutunarviðmiðunum. Á hinn bóginn vega atriði, sem ekki varða verðþáttinn, örvun samkeppni (40%), eitt verð um allt land (10%) ásamt afhendingu (10%) og upphafi þjónustu (10%), ennþá þyngra en verðþáttirnir.

⁽³⁵⁾ Dómur í *SIC* gegn *framkvæmdastjórninni*, T-442/03, EU:T:2008:228, 147. mgr. Sjá, samkvæmt lögjöfnun dómi í *Matra* gegn *framkvæmdastjórninni*, C-225/91, EU:C:1993:239, 44. mgr.

⁽³⁶⁾ Dómur í *Land Burgenland* gegn *framkvæmdastjórninni*, C-214/12 P, C-215/12 P og C-223/12 P, EU:C:2013:682, 94. mgr.

⁽³⁷⁾ Sjá til dæmis dóma í *Banks*, C-390/98, EU:C:2001:456, 77. mgr. og *Þýskaland* gegn *framkvæmdastjórninni*, C-277/00, EU:C:2004:238, 80. mgr.

⁽³⁸⁾ Þessi virðisauki skiptir máli í þessu máli þar eða Ísland skal skila öllum fjárhagslegum hagnaði til NATO samkvæmt meginreglunni um að hvorki verði kostnaður né gróði af leigunni.

- 83) Þegar útboðið fór fram átti Míla og rak fjarskiptavirki víðsvegar um Ísland. Rekstraraðili ljósleiðara NATO þyrfti að fjárfesta í tengistöðum til þess að unnt væri að hefja rekstur á ljósleiðurunum. Eftirlitsstofnun EFTA telur því að viðmiðunin um upphaf þjónustu (10%) og afhendingu þjónustu (10%) virðist koma Mílu til góða. Með öðrum orðum, úthlutunarviðmiðanirnar samanstóðu af tveimur matsliðum sem tengdust verði og fjórum matsliðum sem gerðu það ekki. Einn þeirra matsliða sem ekki tengdust verði, sá sem vó þyngst, hefur að líkindum verið hinum starfandi netrekanda, Mílu, í óhag, en tveir þeirra að líkindum komið Mílu til góða en verið hugsanlegum nýjum aðilum á markaði í óhag.
- 84) Með meginreglunni um seljanda í markaðshagkerfi er sett sú meginregla að almennt samsvari markaðsverð hæsta verði sem einkaaðili er reiðubúinn að greiða við eðlilegar samkeppnisáðstæður. Hins vegar er þessi meginregla ekki án undantekninga. Undantekningarnar varða í fyrsta lagi áðstæður þar sem sýna má fram á að umrætt tilboð sé ekki bindandi eða trúverðugt eða ekki sambærilegt við lægra tilboð. Í öðru lagi gildir um þessa forsendu sá fyrirvari að „*ekki sé réttlætjanlegt að taka tillit til annarra efnahagslegra þátta en verðsins*“ eins og fram kemur í 94. í máli *Land Burgenland*. Dæmi um slíka réttlætningu er að finna í máli T-244/08, *Konsum Nord* gegn *framkvæmdastjórninni*.⁽³⁹⁾ Í því máli hafði sveitarfélag í Svíþjóð selt stórmarkaðskeðju landskika á verði sem var lægra en það það verð sem hæstbjóðandi bauð. Almenni dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri unnt að ákvarða markaðsverð umrædds lands á grundvelli þess eins að til staðar væri herra boð án þess að taka einnig tillit til sérstakra málavaxta sem stjórnvöld í Svíþjóð skírskotuðu til. Auk þessa taldi Evrópudómstóllinn í málinu C-39/14, *BVVG* að ekki fælist ríkisaðstoð í reglu landsréttar sem gerir opinberu stjórnvaldi kleift að hafna í útboði tilboði í landbúnaðarland sé verðið hlutfallslega hátt og einkennist af spákaupmennsku, að því tilskildu að það leiði til verðs sem sé eins nærri markaðsverði umrædds lands og mögulegt er.⁽⁴⁰⁾
- 85) Þetta dómafordæmi á ekki beint við í málinu sem hér um ræðir þar eð Míla lagði ekki fram tilboð. Stjórnvöld á Íslandi halda því engu að síður fram að val þeirra á úthlutunarviðmiðunum hafi verið réttlætjanlegt í umræddu tilviki. Þau halda því einkum fram að umdeilda viðmiðunin um örvun samkeppni hafi verið samin til þess að takast á við meint einokunareinkenni á viðkomandi markaði þar sem starfandi þjónustuveitandi hafi verið ráðandi. Eftirlitsstofnun EFTA bendir einnig á að Míla hafi sjálf lýst því yfir að hún hefði ekki haft neina efnahagslega ástæðu til að taka þátt í útboðinu þar eð hún hafði þegar næga flutningsgetu í eigin ljósleiðurum.
- 86) Á hinn bóginn nægja þær sérstöku áðstæður sem stjórnvöld á Íslandi skírskota til ekki til þess að sýna fram á að einkaaðili hefði samið útboðið á svipaðan hátt við sömu áðstæður. Í málinu E-1/13 úrskurðaði EFTA-dómstóllinn að úthlutunarviðmiðanirnar, aðrar en verð, virtust endurspeglar opinbera stefnu eða lagasjónarmið, sem einkafjárfestir myndi ekki telja mikilvæg. Eftirlitsstofnun EFTA telur einnig að aðrar viðmiðanir í útboðinu en verð hafi að hluta til endurspeglar opinbera stefnu eða lagasjónarmið, svo sem örvun samkeppni, bætt breiðbandsaðgengi almennings og samheldni svæða, sem einkafjárfestir teldi ekki mikilvæg. Þessar úthlutunarviðmiðanir veiga þyngra en verðviðmiðanirnar.
- 87) Eftirlitsstofnun EFTA kemst því að þeirri niðurstöðu að úthlutunarviðmiðanirnar standist ekki kröfurnar í meginreglunni um seljanda í markaðshagkerfi. Samkvæmt því getur niðurstaðan úr útboðinu ekki veitt áreiðanlegt staðgöngugildi til að ákvarða markaðsverð fyrir umrædd leiguréttindi.

1.3.3 Sérfræðimat á leiguréttindunum

- 88) Eins og fram kemur hér að framan útilokar það ekki að Eftirlitsstofnun EFTA beiti meginreglunni um seljanda í markaðshagkerfi þótt ekki hafi verið staðið nægilega vel að útboðsferlinu. Eftirlitsstofnun EFTA þarf engu að síður að rannsaka efnislega umrædd viðskipti og sérstaklega að bera samþykkt verð saman við markaðsverð. Í þessu skyni vísar Eftirlitsstofnun EFTA yfirleitt til matsrannsóknar óháðs sérfræðings sem staðgöngugildis fyrir markaðsverð. Æskilegast er að slíkt mat fari fram á sama tíma og viðskiptin. Mat sitt getur Eftirlitsstofnun EFTA engu að síður byggt á matsrannsókn sem gerð er eftir á.⁽⁴¹⁾

⁽³⁹⁾ Dómur í *Konsum Nord ekonomisk förening* gegn *framkvæmdastjórninni*, T-244/08, EU:T:2011:732.

⁽⁴⁰⁾ Dómur *BVVG*, C-39/14, EU:C:2015:470, 42. mgr.

⁽⁴¹⁾ Mál E-12/11, *Asker Brygge* [2012] skýrsla EFTA dómstólsins bls. 536, 81. mgr.

- 89) Stjórnvöld á Íslandi hafa lagt fram matsrannsókn frá Mannviti, alþjóðlegri ráðgjafarstofu með áherslu á Ísland, sem hefur reglulega veitt sérfræðiráðgjöf um grunnvirkjaverkefni. Rannsóknin er dagsett 30. janúar 2015.
- 90) Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að Mannvit hafði þegar veitt stjórnvöldum á Íslandi ráðgjöf um útboðsferlið. Auk þess óskuðu stjórnvöld á Íslandi eftir matskýrslunni til þess að bregðast við því verðmati sem kvartandi hafði lagt fram. Eftirlitsstofnun EFTA hefur ekki fundið neitt sem bendir til að þessar aðstæður hafi haft áhrif á hlutlagi sérfróðu ráðgjafanna. Eftirlitsstofnunin telur engu að síður við þessar aðstæður nauðsynlegt að kanna matsrannsóknina í einstökum atriðum.
- 91) Eftirlitsstofnunin bendir í fyrsta lagi á að matið á markaðsvirði leiguréttindanna er einstaklega flókið vegna sérstaks eðlis eignarinnar (þar með talinn uppsagnarréttur NATO) og þeirra reglugerða sem til eru á sviðinu. Auk þess að taka þurfi mið af tveimur verðþáttum, þ.e. leiguverði og fjárfestingum í tengipunktum.
- 92) Rannsókn Mannvits er byggð á samanburði á tveimur mismunandi sviðsmyndum um að fá aðgang að ljósleiðarastrengnum sem liggur umhverfis landið: Rekstraraðili gat annaðhvort leigt ljósleiðara NATO (eins og Vodafone gerði) eða að öðrum kosti fengið aðgang frá Mílu, sem býður reglustýrða heildsöluveru (leigu á stofnlínum) á reglustýrðu verði. Að gefnum þessum valkostum mundi rekstraraðili á markaði í leit að aðgangi að ljósleiðarastrengnum ekki vera reiðubúinn að greiða meira en það verð fyrir reglustýrða heildsöluáðgangsvöruna sem Míla býður upp á. Reglustýrða heildsöluverðið verkar þannig sem verðþak á verðlagningu fyrir leigu á ljósleiðara NATO enda þótt það endurspegli ef til vill ekki beint markaðsverðið fyrir leiguréttindin vegna þeirra þátta sem er lýst í eftirfarandi málsgreinum. Eftirlitsstofnun EFTA telur þessa nálgun, sem er byggð á verðsamanburði, eðlilega þar eð fyrir hendi eru tveir mismunandi kostir til að fá aðgang að samliggjandi ljósleiðurum í sama streng. ⁽⁴²⁾
- 93) Verðsamanburðurinn í rannsókn Mannvits og sá síðasti sem kvartandi lét í té eru ekki byggðir á verði þegar útboðið fór fram. Þrátt fyrir það telur Eftirlitsstofnun EFTA að við séraðstæður í því máli sem hér um ræðir að þær verðtilvísanir sem lagðar hafa verið fram gefi enn gott staðgöngugildi fyrir markaðsverð á þeim tíma er viðskiptin fóru fram.
- 94) Reglustýrða heildsöluverðið sem notað er í samanburðinum er allt byggt á sögulegum kostnaði og helst yfirleitt óbreytt um árabíl. ⁽⁴³⁾ Reglustýrða verðið hjá Mílu, 7 609 krónur á kílómetra á mánuði, er til dæmis byggt á kostnaðargreiningu sem var undirbúin árið 2010 og lokið við í maí 2011. ⁽⁴⁴⁾ Verðið hefur gilt óbreytt frá 1. ágúst 2011 til 2015. Þetta sýnir að reglustýrða verðið, sem notað er í verðsamanburðinum, helst yfirleitt stöðugt um nokkurt skeið og nánar tiltekið að verð Mílu er byggt á kostnaðargreiningu sem var gerð um svipað leyti og samningurinn við Vodafone frá 1. febrúar 2010. Auk þessa breytist sú leiga sem Vodafone greiðir með vísitölu byggingarkostnaðar frá júní 2008 (þ.e. þegar útboðið fór fram). Þegar tekið hefur verið tillit til þessarar vísitölubindingar geta fram lagðir útreikningar byggðir á núgildandi verði því gefið góða vísbendingu um það hvort leiguréttindin hafi verið veitt á markaðsskilmálum þegar viðskiptin fóru fram.
- 95) Eins og fram kemur í lið I.7 hér að framan leggur Mannvit áherslu nokkur atriði sem greina að reglustýrða heildsöluveruna sem Míla býður og ljósleiðara NATO og taka þarf tillit til við verðsamanburð.

⁽⁴²⁾ Eftirlitsstofnun EFTA leggur áherslu á að samkvæmt reglustýrða kerfinu er Míla skyldug til að veita heildsöluáðgang að ljósleiðaraneti sínu. Það gerir ekki þennan samanburð ógildan að skýrt hefur verið frá vandkvæðum við að fá aðgang frá Mílu, enda má bæta úr því með því að Póst- og fjarskiptastofnun gefi Mílu fyrirhælt um að veita skilvirkan aðgang sem hún hefur gert nokkrum sinnum.

⁽⁴³⁾ Samkvæmt bls. 7 í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 14/2011 hafnaði stofnunin tillögu Mílu um að uppfæra stöðugt verðskrá sína í takt við verðbólgu. Nálágast má ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar hér: http://www.pfs.is/upload/files/Ákv_14-2011_M13-14_Leigulífur.pdf.

⁽⁴⁴⁾ Sjá ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 14/2011, bls. 18.


- 96) Í fyrsta lagi telur Eftirlitsstofnun EFTA það vera eðlilegt að Mannvit breyti þeirri lengd ljósleiðara NATO sem taka beri mið af við útreikning á verði þar eð verð er almennt reiknað út á grundvelli tenginga milli fastastöðva (þ.e. sem bein lína milli viðkomandi tengipunkta). Þegar þetta er gert vegna tengipunkta á ljósleiðara NATO þegar viðskiptin fóru fram er niðurstaða rannsóknar Mannvits að heildarlengdin, sem taka eigi með í reikninginn, séu 1 283 km.
- 97) Mannvit leggur því næst mat á hvaða heildsöluverð og afsláttur eigi best við í því máli sem hér um ræðir.
- 98) Í rannsókninni er lögð áhersla á það að mögulega sé reglustýrt verð Mílu (7 609 kr. á km á mánuði) ekki rétt viðmiðun til ákvörðunar á markaðsverði þar eð reglustýrða verðið er byggt á kostnaði og nýtingarhlutfalli við allt ljósleiðarakerfi Mílu, að meðtöldum öllum þeim tengipunktum Mílu sem máli skipta, en ekki einungis sambærilegs ljósleiðaranets við ljósleiðara NATO. Mannvit bendir á að ljósleiðari NATO er einfaldari og með mun færri tengipunkta sem bendir til þess að viðeigandi kostnaðargrunnur ætti að vera lægri. Mannvit leggur því til að nota fremur heildsöluverð annars rekstraraðila, Orkufjarskipta, sem grundvöll fyrir útreikning á markaðsverði. Verðið hjá Orkufjarskiptum er 5 020 kr. á km á mánuði.
- 99) Afsláttarhlutfallið var einnig tekið til skoðunar í rannsókn Mannvits og niðurstaðan var sú að nota ætti 25% afslátt fyrir heildsöluverðið í staðinn fyrir það 15% hámark sem nú er boðið í þriggja ára samningunum. Til réttlætunar þessu bendir Mannvit á að leigutíminn er tíu ár sem er mun lengri tími en gert var ráð fyrir í reglustýrðum verðskrá Mílu og Orkufjarskipta. Þetta er enn fremur réttlætt með því að þegar útboðið átti sér stað bauð Míla þeim viðskiptavinum 25% afslátt sem leigðu ljósleiðara af áþekkri lengd og ljósleiðara NATO.
- 100) Eftirlitsstofnun EFTA tekur undir það að ekki fáið viðeigandi samanburður á markaðsverði í umræddu máli með því að miða við reglustýrða verðskrá Mílu fyrir leigu á stofnlínum. Verðskrá Mílu er nánar tiltekið ekki einungis byggð á fjárfestingar- og rekstrarkostnaði á ljósleiðurum í sama streng og ljósleiðari NATO er (sem hefur að öllum líkindum þegar verið afskrifaður) heldur einnig á nýrri fjárfestingu í öðrum ljósleiðurum. Eftirlitsstofnun EFTA vekur hins vegar athygli á því að sú verðskrá Orkufjarskipta sem Mannvit lagði fram sé ekki heldur kjörin til samanburðar þar eð hún er sérstaklega byggð á kostnaðarsamsetningu umrædds aðila sem er veitufyrirtæki. Eftirlitsstofnun EFTA viðurkennir að það virðist ekki unnt að bera verð saman með fullkomnum hætti þar eð ekki er til markaðsverð sem á sérstaklega við um ljósleiðara NATO ásamt samliggjandi ljósleiðurum í sama streng.
- 101) Eftirlitsstofnunin gerir svipaðar athugasemdir um þann afslátt sem miða á við. Í núverandi heildsöluútlitum er einungis gert ráð fyrir 15% afslátt fyrir þriggja ára samning. Það er hins vegar líklegt að markaðsaðili myndi bjóða meiri afslátt fyrir lengra samningstímabil og mjög mikið magn. Eftirlitsstofnun EFTA vekur athygli á því að áður hafi Míla boðið 25% afslátt í mjög svipuðum tilgangi. ⁽⁴⁵⁾
- 102) Með hliðsjón af framangreindu telur Eftirlitsstofnun EFTA rétt að sýna mat á markaðsverði fyrir leiguréttindi á ljósleiðara NATO sem verðbil er byggt er á verði á heildsöluáðgangi og þeim afsláttarforsendum sem fyrr er getið.

Verð á km/mánuði	-15% afsláttur (*1 283 km * 12)	-25% afsláttur (*1 283 km * 12)
Míla (7.609 kr.)	99,6 m kr.	87,9 m kr.
Orkufjarskipti (5 020 kr.)	65,7 m kr.	58,0 m kr.
<i>Meðalafsláttur</i>	<i>82,7 m kr.</i>	<i>73,0 m kr.</i>
<i>Meðaltal samtölu</i>	<i>77,9 m kr.</i>	

Tafla 3: Áætlað verðbil á markaði (leiguverð á ári) miðað við tiltækar verðskrár og afsláttarforsendur

⁽⁴⁵⁾ Á blaðsíðu 6 í ákvörðun nr. 14/2011 tekur Póst- og fjarskiptastofnun fram að stofnunin hafi gengið að tillögu Mílu um nýtt afsláttarfyrirkomulag. Nýju afsláttirnir taka mið af lengd samninga. Afsláttur í eins árs samningi er 5%, tveggja ára samningum 10% og þriggja ára samningum 15%. Ekki er þó vísað til samninga með lengri gildistíma. Þrátt fyrir að gera megi ráð fyrir því að afsláttarhlutfallið hækki ekki línulega með tímanum (eins og Míla og Póst- og fjarskiptastofnun hafa samþykkt að eigi við um fyrstu þrjú árin) virðist 25% afsláttur af samningi í 10 ár vera raunhæfur.

- 103) Í töflu 3 hér að framan er sýnt verð á bilinu 58 milljónir kr., verðmat á markaði samkvæmt rannsókn Mannvits, og að hámarki um 100 milljónir kr. Meðalmarkaðsverðið var metið um það bil 78 milljónir kr.
- 104) Samkvæmt samningnum frá 1. febrúar 2010 er leigugjaldið sem Vodafone greiðir fyrir leiguréttinn 19 150 000 kr. (án virðisaukaskatts), bundið vísitölu byggingarkostnaðar frá og með 19. júní 2008, og til greiðslu 1. júlí hvert ár. Eftirlitsstofnun EFTA vekur athygli á því að verðskrár Mílu og Orkuþjarskipta eru ekki bundnar vísitölu. Til samræmis við það þarf að taka tillit til áhrifa af vísitölubindingunni í þessum samanburði.
- 105) Leigugreiðslur Vodafone eru bundnar vísitölu byggingarkostnaðar.⁽⁴⁶⁾ Samkvæmt hagtölum hækkaði byggingarkostnaður verulega í kjölfar fjármálakreppunnar haustið 2008 og allt árið 2009, allt að 30% á ársgrundvelli, en hefur frá því hækkað hóflega með lítið stökk í lok árs 2011 og upphaf árs 2012. Vísitalan hafði þegar hækkað um 20,5% frá júní 2008 til júlí 2010 þegar fyrsta leigugreiðslan átti að innast af hendi.
- 106) Breytingar á vísitölunni frá því í janúar 2008 og prósentubreytingar frá undangengnu ári eru sýndar í línuritinu hér fyrir neðan:



Línurit 1: Vísitala byggingarkostnaðar frá janúar 2008, heimild: Hagstofa Íslands

- 107) Í samningnum frá 1. febrúar 2010 var gert ráð fyrir því að leigugjaldið væri 19 150 000 kr. áður en vísitölubinding bættist við. Vísitölubindingin hafði hækkað fjárhæðina í um það bil 23 milljónir kr. um mitt ár 2010. Nú greiðir Vodafone um 28 milljónir í leigugjald sem samsvarar um það bil miðju 10 ára tímabils leigusamningsins. Að því gefnu að vísitala byggingarkostnaðar haldi áfram að hækka jafnt og þétt eins og hún hefur gert undanfarin 4–5 ár er þetta verð einnig eðlilegt meðaltal árlegs leigugjalds ef lítið er til gildistíma samningsins.
- 108) Eftirlitsstofnun EFTA lítur því svo á að 28 milljóna króna leigugjaldið sem Mannvit notar sé eðlileg nálgun að verðsamanburði í þessu máli. Hins vegar er einungis mögulegt að bera leigugjaldið fyrir ljósleiðara NATO saman við verð á búnaði sem er notaður í viðskiptaskyni ef viðhlýtandi tillit er tekið til þeirra umtalsverðu fjárfestinga í flutningsbúnaði sem rekstraraðili ljósleiðara NATO, Vodafone, þurfti að takast á hendur til þess að gera ljósleiðarann rekstrarhæfan. Mannvit áætla að árlegan fjárfestingarkostnað að fjárhæð 52 milljónir króna þurfi til þess að það

⁽⁴⁶⁾ Hagstofa Íslands tekur saman byggingarkostnað og birtir á vefsetri sínu. Sjá <http://www.hagstofa.is/en/statistics/business-sectors/industry/building-cost-index/>.

leiguverð sem Vodafone greiddi verði sambærilegt við tilboð Mílu og til þess að fara að skilmálunum í útboðinu, þ.e. fjárfestingar sem þurfti að setja í nýja tengipunkta.⁽⁴⁷⁾ Eftirlitsstofnunin bendir á að áætluð fjárhæð hjá Mannviti nær bæði yfir tæknibúnað til þess að gera ljósleiðara NATO rekstrarhæfan og verðþáttinn sem bent hefur verið á í útboðinu varðandi fjárfestingu í nýjum tengipunktum. Eftirlitsstofnunin hefur með milligátun sannreynt sérfræðimatið á kostnaði við tengipunkta (alls 120 milljónir króna) með samanburði við raunverulegar fjárfestingar sem Vodafone þarf að leggja í, sem eru alls 130 milljónir króna. Eftirlitsstofnun EFTA bendir auk þess á að Vodafone þarf að greiða árleg leyfisgjöld fyrir búnaðinn að fjárhæð 7,5 milljónir sem Mannvit tók ekki með í reikninginn.

- 109) Á grundvelli ofangreinds er árlegt fjárframlag Vodafone í formi leigugreiðslna og fjárfestingarkostnaðar alls um það bil 87,5 milljónir (að meðtöldu árlegu leyfisgjaldi). Miðað við mat á markaðsverði leiguréttindanna í töflu 3 er fjárframlag Vodafone bæði herra en áætlað meðaltal markaðsverðs, 78 milljónir króna, og herra en meðalverðið miðað við 15% og 25% afslátt. Það er einnig til muna herra en verðmatið sem byggt var á verðskrá Orkuþjarskipta (hvort sem um var að ræða 15% eða 25% afslátt) og mjög nærri verðskrá Mílu miðað við 15% afslátt.
- 110) Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að við ofangreindan samanburð á markaðsverði er ekki tekið tillit til áhrifanna af hinum sérstaka uppsagnarrétti sem stafaði af eignarhaldi NATO á ljósleiðaranum. Stjórnvöld á Íslandi hafa áætlað að áhrifin af þessum rétti á verðið séu á bilinu 15–25%. Sé þessu verðbili beitt á fjárframlag Vodafone yrði samsvarandi undirliggjandi markaðsvirði fjárframlagsins án tillits til þessara NATO réttinda 94 til 107 milljónir króna, sem er langt umfram mat á meðaltali markaðsverðs í töflu 3.
- 111) Auk þessa er ekki tekið tillit til þess í rannsókn Mannvits að Íslandi ber að láta allar leigutekjur umfram rekstrar- og viðhaldskostnað af ljósleiðaranum renna til NATO. Eftirlitsstofnun EFTA telur að þótt þessi skuldbinding kunni að hafa áhrif á hvata stjórnvalda á Íslandi til þess að hámarka ekki leigutekjur (og til dæmis að velja fremur aðrar viðmiðanir í útboðsferlinu, sjá hér að ofan) þá hefur hún ekki áhrif á markaðsvirði leiguréttindanna, sem metið hefur verið hér að ofan með tilvísun til raunverðs hjá fjarskiptafyrirtækjum. Gagnstætt hinum sérstaka uppsagnarrétti, sem fjallað var um í málsgreininni hér að ofan, hefur samkomulagið milli Íslands og NATO um skiptingu allra tekna af leiguréttindum ekki nein áhrif á notanda þessara réttinda (þ.e. Vodafone).
- 112) Svo allt sé meðtalið bendir Eftirlitsstofnun EFTA á að staðhæfing Mílu þess efnis að fyrirkomulag útboðsferlisins hefði haft áhrif á verðið hefur ekki áhrif á þetta mat. Eftirlitsstofnun EFTA hefur ekki fengið í hendur gögn sem benda til þess að setning lágmarksverðs, sem er viðtekin venja í útboðum, gæti hafa dregið úr hvata bjóðenda til þess að keppa á verði. Eftirlitsstofnun EFTA bendir einnig á að í útboðinu hafi fjórir sjálfstæðir samkeppnisaðilar lagt fram fimm tilboð þar sem allir bjóðendurnir hafi fengið hámark stiga (40%) fyrir viðmiðunina um örvun samkeppni. Af þessu leiðir að verðtengdar viðmiðanir um bjóðendur námu í reynd 50% (þ.e. 30 af þeim 60 stigum sem eftir voru). Með svipuðum hætti hefur ekkert bent til þess að hugsanlegt tilboð frá Mílu, sem ekki hafði áhuga á meiri flutningsgetu, hefði leitt til hærri tilboða frá þeim sem lögðu í raun fram tilboð, ef viðmiðuninni um samkeppni hefði verið sleppt. Eftirlitsstofnun EFTA bendir sérstaklega á að almennt var vitað hver afkastageta Mílu var á streng NATO og hugsanlegt tilboð frá Mílu hefði einungis verið gert í þeim tilgangi að vernda markaðsstöðu hennar gagnvart gagnvart nýjum aðila.⁽⁴⁸⁾

⁽⁴⁷⁾ Samkvæmt rannsókn Mannvits er áætlaður meðalkostnaður af uppsetningu þess flutningsbúnaðar sem til þarf fjórar milljónir króna á hvern tengipunkt (en þeir eru 30) með 15% árlegar afskriftir, áætluð rekstrargjöld 20% af fjárfestingarútgjöldum og 8,5% í veginn meðalfjármagnskostnað. Eftirlitsstofnunin bendir á að Mannvit notar forsendur kostnaðargreiningar Póst- og fjarskiptastofnunar í ákvörðun nr 14/2011 varðandi veginn meðalfjármagnskostnað og byggir aðrar breytur á umfjölluninni í kostnaðargreiningu Póst- og fjarskiptastofnunar. Eftirlitsstofnunin telur við hæfi að nota sömu forsendur um veginn meðfjármagnskostnað og notaðar eru í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar en á þeim er verð Mílu í verðsamanburðinum byggt. Eftirlitsstofnun EFTA telur enn fremur við hæfi að gera ráð fyrir 6,7 ára efnahagslegum endingartíma tæknibúnaðar vegna örra tæknibreytingar á sviðinu og að 20% rekstrargjöld af fjárfestingarútgjöldum séu viðeigandi í ljósi þess að staðirnir séu í flestum tilvikum afskekktir og í ljósi eðlis tæknibúnaðarins.

⁽⁴⁸⁾ Samkvæmt dómi í máli BVVG, C-39/14, EU:C:2015:470, 40. mgr., gætu stjórnvöld á Íslandi hvort eð er hafa verið með rétt á að hafna slíku boði á grundvelli þess að það beri augljós merki spákaupmennsku.

- 113) Á grundvelli þess sem að framan greinir telur Eftirlitsstofnun EFTA að Vodafone hafi ekki verið fengin leigan undir markaðsverði.
- 114) Loks bendir Eftirlitsstofnun EFTA á að útbóðsferlið fór fram í júní árið 2008, þ.e. stuttu áður en fjármálakreppan skall á á Íslandi. Ferlið var stöðvað meðan á fjármálakreppunni stóð. Ekki var lokið við samninginn við Vodafone fyrir en í febrúar 2010 og þá var Fjarski (sem hafði hlotið flest stig í útbóðinu) ekki fær um eða hafði ekki áhuga á að leigja hinn lausa ljósleiðarann á grundvelli tilboðs síns frá júní 2008. Snemma árs 2010 var samkvæmt stjórnvöldum á Íslandi ekki lengur mögulegt að samþykkja tilboð annarra bjóðenda sem tóku þátt í ferlinu 2008 þar eð tilboð þeirra voru útrunnin og augljóst var að markaðsaðstæður höfðu breyst mjög til verri vegar eftir fjármálakreppuna. Þrátt fyrir fjármálakreppuna og þær breytingar sem urðu í kjölfar hennar á efnahagsaðstæðum á Íslandi var Vodafone reiðubúið til að halda leigusamningnum áfram samkvæmt þeim skilmálum sem höfðu verið samþykktir í kjölfar útbóðsins 2008. Eftirlitsstofnun EFTA hafa ekki borist neinar upplýsingar um að aðrir rekstraraðilar hafi eftir fjármálakreppuna enn haft áhuga á að komast yfir leiguréttindi á öðrum tveggja lausu ljósleiðaranna. Eftirlitsstofnunin telur að við svipaðar aðstæður hefði einkaaðili einnig gert leigusamning við Vodafone þar eða það var það eina sem var í boði til að endurheimta rekstrarkostnað og skapa verðmæti með eign sem var ekki í notkun (þ.e. ónýtta ljósleiðaranum).
- 115) Með hliðsjón af því sem að framan greinir kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að Vodafone hefði ekki haft efnahagslegan ávinning af viðskiptunum.

1.4 Sérteki, röskun á samkeppni og áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna

- 116) Til þess að ráðstöfun fullnægi skilyrðum fyrir því að teljast ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins verður hún að vera sértekni auk þess að vera til þess fallin að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila. Nú naut hins vegar enginn efnahagslegs ávinnings í þessu máli og öllum skilyrðunum, sem þurfa að vera til staðar til þess að um ríkisaðstoð sé að ræða, er því ekki fullnægt og þarf Eftirlitsstofnun EFTA því ekki að leggja frekara mat á þetta.

2. Niðurstaða

- 117) Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, hefur Eftirlitsstofnun EFTA komist að þeirri niðurstöðu að ráðstöfunin feli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Leigusamningur Varnarmálastofnunar utanríkisráðuneytisins við Og fjarskipti frá 1. febrúar 2010 um afnot og rekstur ljósleiðara felur ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Íslands.

3. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 16. mars 2016.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Sven Erik Svedman

Forseti

Helga Jónsdóttir

Stjórnarmaður

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2017/EES/52/02

(mál M.8554 – CIC/Logicor Business)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. ágúst 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ þar sem kínverska fyrirtækið China Investment Corporation („CIC“) öðlast óbeint með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í félögum og eignum sem mynda breska fyrirtækið Logicor business („Logicor“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - CDO: fjárfestingarsjóður í ríkiseigu í Kína sem komið var á fót sem miðli til að dreifa gjaldeyrisforða ríkisins og fá mestu mögulegu ávöxtun fyrir hluthafa sína innan marka viðunandi áhættuþols. Fyrirtækið CIC fjárfestir í og stýrir, fyrir tilstuðlan dótturfélags síns CIC International Co., Ltd., sem er alfarið í eigu þess, eignum um allan heim, þ.m.t. fjárfestingar í opinberum hlutabréfum og skuldabréfum, vogunarsjóðum og fasteignum, fjárfestingar í framtakssjóðum, sameiginlegar fjárfestingar og minnihlutafjárfestingar sem fjárfestir.
 - Logicor: á og starfrækir birgðastjórnunarvörðhús víða í ESB.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 280, 24.8.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.8554 – CIC/Logicor Business og eftirfarandi póstarsíttun:

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2017/EES/52/03****(mál M.8561 – KKR/Q Park)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. ágúst 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ þar sem bandaríska fyrirtækið KKR & Co. L.P. („KKR“) öðlast óbeint með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í hollenska fyrirtækinu Q Park N.V. („Q Park“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - KKR: alþjóðlegt fjárfestingarfyrirtæki sem býður viðskiptavinum á opinbera markaðnum og einkamarkaðnum margs konar annars konar eignastýringarþjónustu og veitir fjármagnsmarkaðslausnir fyrir fyrirtækið, fjárfestingarfélög þess og viðskiptavinum.
 - Q Park: félag með takmarkaða ábyrgð með höfuðstöðvar í Amsterdam í Hollandi sem útbýr, endurnýjar og rekur bílastæðaaðstöðu.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 279, 23.8.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.8561 – KKR/Q PARK og eftirfarandi póstarsitun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2017/EES/52/04****(mál M.8593 – CVC/PAI/Cortefiel)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. ágúst 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ þar sem lúxemborgíska fyrirtækið CVC Capital Partners SICAV-FIS S.A. („CVC“) og franska fyrirtækið PAI Partners S.A.S. („PAI“) öðlast óbeint með hlutafjárkaupum í sameiningu yferráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í spænska fyrirtækinu Cortefiel S.A. („Cortefiel“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - CVC-samstæðan: býður ráðgjöf og stýrir fjárfestingarsjóðum og -þjónustuleiðum.
 - PAI: sjálfstætt, óskráð félag sem stýrir ýmsum sjóðum, sem eiga félög í margs konar viðskiptageirum, og veitir þeim ráðgjöf, t.d. á sviði fyrirtækjaþjónustu, matvæla- og neytendaþjónustu, iðnaðar, heilsugæslu og smásölu og dreifingar.
 - Cortefiel: starfar á sviði framleiðslu og smásöludreifingar á fatnaði og, að takmörkuðu leyti, á sviði dreifingar á skófatnaði og fylgihlutum.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB (C 276, 19.8.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.8593 – CVC/PAI/Cortefiel og eftirfarandi póstarsíttun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjútíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2017/EES/52/05****(mál M.8596 – Colindale/Goldman Sachs/JRE)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. ágúst 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Colindale Investment Private Limited („Colindale“) (Singapore), sem lýtur óbeint yfirráðum fyrirtækisins GIC Private Limited („GIC“, Singapore), og fyrirtækið JLQ2 GK (JLQ2), dótturfyrirtæki sem er alfarið í eigu bandaríska fyrirtækisins Goldman Sachs Group, Inc. („Goldman Sachs“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í fyrirtækinu GS Renewable Holdings GK („GSRH“), sem er móðurfélag japanska fyrirtækisins Japan Renewable Energy Corporation („JRE“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Colindale: fjárfestingarfyrirtæki sem GIC Special Investments Private Limited („GICSI“) stýrir. GICSI er dótturfélag GIC Private Limited (GIC ásamt öllum samstæðufélögum GIC, „GIC-samstæðan“). GICSI stýrir mismunandi alþjóðlegum eignasöfnum í óskráðum félögum, áhættufjármagns- og innviðasjóðum sem og beinum fjárfestingum í einkafyrirtækjum.
 - Goldman Sachs: fjárfestingarfyrirtæki sem starfar um allan heim og býður ýmiss konar banka-, kauphallar- og fjárfestingarþjónustu.
 - JRE: þróar, á og stýrir verkefnum á sviði endurnýjanlegra orkugjafa og starfar eingöngu í Japan.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjóð. ESB (C 276, 19.8 2017). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.8596 – Colindale/Goldman Sachs/JRE og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjóð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.7873 – Worldline/Equens/Paysquare)

2017/EES/52/06

Framkvæmdastjórnin ákvað 20. apríl 2016 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004, sbr. 2. mgr. sömu greinar ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32016M7873. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8359 – Amundi/Crédit Agricole/Pioneer Investments)

2017/EES/52/07

Framkvæmdastjórnin ákvað 24. mars 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8359. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/52/08**
(mál M.8483 – Bain Capital Investors/Cinven Capital Management/Stada Arzneimittel)

Framkvæmdastjórnin ákvað 29. júní 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8483. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/52/09**
(mál M.8512 – A.P. Moller Maersk/Danske Bank/Gatetu)

Framkvæmdastjórnin ákvað 16. ágúst 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8512. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/52/10**
(mál M.8530 – Brookfield/Engie/FHHGL)

Framkvæmdastjórnin ákvað 14. ágúst 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8530. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/52/11**
(mál M.8556 – Carlyle/GTCR/Albany Molecular Research)

Framkvæmdastjórnin ákvað 16. ágúst 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8556. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.